



76. ársþing

# SKÝRSLA NEFNDA 2021

### Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Stjórn og nefndir KSÍ .....	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla .....	5
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla.....	6
Skýrsla unglínganefndar (karla og kvenna) .....	8
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna.....	10
Skýrsla mótanefndar .....	13
Skýrsla dómarnefndar.....	21
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar .....	28
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar.....	29
Skýrsla fræðslunefndar .....	34
Skýrsla starfshóps um útbreiðslumál .....	38
Úrtökumót KSÍ .....	40
Skýrsla hæfileikamótunar .....	44
Skýrsla mannvirkjanefndar .....	45

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2021

## Stjórn og nefndir KSÍ

### Stjórn (aukaþing í október)

Vanda Sigurgeirsdóttir formaður  
Ásgrímur Helgi Einarsson  
Borghildur Sigurðardóttir  
Guðlaug Helga Sigurðardóttir  
Helga Helgadóttir  
Ingi Sigurðsson  
Orri Vignir Hlöðversson  
Sigfús Ásgeir Kárason  
Unnar Stefán Sigurðsson  
Valgeir Sigurðsson

Kolbeinn Kristinsson til vara  
Sigurður Sveinn Þórðarson til vara

### Dómaranefnd

Þóroddur Hjaltalín formaður  
Bragi Bergmann  
Bryndís Sigurðardóttir  
Frosti Viðar Gunnarsson  
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Ingi Sigurðsson

### Varastjórn (aukaþing)

Kolbeinn Kristinsson  
Margrét Ákadóttir  
Þóroddur Hjaltalín

### Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Borghildur Sigurðardóttir formaður  
Ingi Sigurðsson  
Kolbeinn Kristinsson  
Sigfús Ásgeir Kárason

### Landshlutafulltrúar (aukaþing í október)

Magnús Björn Ásgrímsson Austurland  
Ólafur Hlynur Steingrímsson Vesturland  
Ómar Bragi Stefánsson Norðurland  
Trausti Hjaltason Suðurland

### Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Helga Helgadóttir formaður  
Guðni Kjartansson  
Gunnar Már Guðmundsson  
Sigríður Baxter Þorlákssdóttir  
Sigurður Þórir Þorsteinsson  
Örn Ólafsson

### Stjórn (ársþing í febrúar)

Guðni Bergsson formaður  
Gísli Gíslason varaformaður  
Borghildur Sigurðardóttir varaformaður  
Ásgeir Ásgeirsson  
Ingi Sigurðsson  
Magnús Gylfason  
Orri Vignir Hlöðversson  
Ragnhildur Skúladóttir  
Valgeir Sigurðsson  
Þorsteinn Gunnarsson

### Laga- og leikreglanefnd

Sigfús Ásgeir Kárason formaður  
Birgir Jónasson  
Guðjón Bjarni Hálfðánarson  
Guðmundur H. Pétursson  
Margrét Hafsteinsdóttir

### Varastjórn (ársþing í febrúar)

Guðjón Bjarni Hálfðánarson  
Jóhann Torfason  
Þóroddur Hjaltalín

### Landsliðsnefnd karla

Ásgrímur Helgi Einarsson formaður  
Birkir Kristinsson  
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir  
Haraldur Haraldsson

### Landshlutafulltrúar (ársþing)

Bjarni Ólafur Birkisson Austurland  
Björn Friðbjólfsson Norðurland  
Tómas Þóroddsson Suðurland  
Jakob Skúlason Vesturland

### Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Borghildur Sigurðardóttir formaður  
Guðlaug Helga Sigurðardóttir  
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir  
Margrét Ákadóttir

### Rekstrarstjórn

**Laugardalsvallar** Vanda formaður  
Sigurgeirsdóttir Bryndís  
Einarsdóttir  
Klara Bjartmarz  
Kristinn V. Jóhannesson Óskar  
Örn Guðbrandsson Birkir til vara  
Sveinsson til vara  
Borghildur Sigurðardóttir til vara  
Guðlaug Helga Sigurðardóttir

### Landsliðsnefnd U21 karla

Unnar Stefán Sigurðarson formaður  
Gunnar Oddsson  
Ólafur Páll Snorrason  
Sigurður Örn Jónsson

### Unglinganefnd (karla og kvenna)

Margrét Ákadóttir formaður  
Harpa Frímannsdóttir  
Marteinn Ægisson  
Mist Rúnarsdóttir

Pálmi Haraldsson  
Pétur Ólafsson  
Sigurður Hlíðar Rúnarsson  
Sunna Sigurðardóttir  
Viggó Magnússon

**Mannvirkjanefnd**

Ingi Sigurðsson formaður  
Bjarni Þór Hannesson  
Inga Rut Hjaltadóttir  
Jón Runólfsson  
Kristján Ásgeirsson  
Margrét Leifsdóttir  
Viggó Magnússon  
Þorbergur Karlsson

**Mótanefnd**

Valgeir Sigurðsson formaður  
Björn Friðþjófsson  
Harpa Þorsteinsdóttir  
Linda Hlín Þórðardóttir  
Sveinbjörn Másson  
Vignir Már Þormóðsson  
Þórarinn Gunnarsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**

Kolbeinn Kristinsson formaður  
Gísli Hall  
Guðný Petrína Þórðardóttir  
Ragnar Baldursson (til vara)  
Tanja Tómasdóttir (til vara)  
Unnar Steinn Bjarndal (til vara)

**Heilbrigðisnefnd**

Reynir Björn Björnsson formaður  
Ásta Árnadóttir  
Haukur Björnsson  
Róbert Magnússon

**Kjaranefnd**

Margrét Sanders formaður  
Kristrún Heimisdóttir  
Ragnar Guðgeirsson

**Siðanefnd (ársþing)**

Halldór Frímansson formaður  
Kristrún Heimisdóttir  
Ómar Bragi Stefánsson  
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)  
Júlíus Besson (til vara)  
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

**Leyfisdomur KSÍ (ársþing í febrúar)**

Heimir Örn Herbertsson formaður  
Björn Victorsson  
Guðrún Inga Sívertsen  
Jón Gunnlaugsson

Ragnar Gíslason

**Leyfisráð KSÍ (ársþing í febrúar)**

Lúðvík S. Georgsson formaður  
Eggert Steingrímsson  
Guðmundur H. Pétursson  
Stefán Orri Ólafsson  
Þorgerður Marinósdóttir

**Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing í febrúar)**

Gunnar Guðmundsson formaður  
Björg Ásta Þórðardóttir varaformaður  
Helgi R. Magnússon varaformaður  
Ásta Björk Eiríksdóttir  
Erna Birgisdóttir  
Gunnar Sverrir Gunnarsson  
Sigrún Óttarsdóttir  
Þróstur Ríkharðsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing í febrúar)**

Sigurður G. Guðjónsson forseti  
Feldís Lilja Óskarsdóttir  
Jóhannes Albert Sævarsson  
Eva B. Helgadóttir (til vara)  
Halldór Brynjar Halldórsson (til vara)  
Hörður Felix Harðarson (til vara)  
Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)  
Steinar Þór Guðgeirsson (til vara)

**Kjörnefnd (ársþing í febrúar)**

Steinn Halldórsson formaður  
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir  
Magnús Guðmundsson

**Starfshópur um deildakeppni kvenna**

Harpa Þorsteinsdóttir formaður  
Guðlaug Helga Sigurðardóttir  
Harpa Frímansdóttir  
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir  
Linda Hlín Þórðardóttir  
Ragnhildur Skúladóttir  
Þorsteinn H. Halldórsson

**Starfshópur um endurskoðun siðareglna KSÍ**

Unnur Stefán Sigurðsson formaður  
Haukur Hinriksson  
Kolbrún Arnardóttir  
Margrét Ákadóttir

**Starfshópur um Lengjudeild karla**

Vignir Már Þormóðsson formaður  
Ásgrímur Helgi Einarsson  
Baldur Már Bragason  
Daníel Geir Mortiz  
Jón Steindór Sveinsson  
Kolbeinn Kristinsson  
Sölvi Snær Magnússon

**Starfshópur um neðri deildir karla og neðri deildir bikar**

Björn Friðbjólfsson formaður  
Bjarni Ólafur Birkisson  
Gísli Aðalsteinsson  
Guðjón Bjarni Hálfðánarson  
Ingi Sigurðsson  
Magnús Þór Jónsson  
Marteinn Ægisson  
Ómar Bragi Stefánsson

**Starfshópur um stefnumótun KSÍ**

Vanda Sigurgeirsdóttir formaður  
Borghildur Sigurðardóttir  
Klara Bjartmarz  
Ómar Smáráson  
Valgeir Sigurðsson

**Starfshópur um útbreiðslumál**

Petra Lind Einarsdóttir  
Sigríður Baxter Þorlákisdóttir

**Kjörinn endurskoðandi (ársþing)**

Birna María Sigurðardóttir

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Magnús Gylfason, formaður (til 10. október), Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður (frá 11. október), Ásgeir Ásgeirsson (til 3. september), Haraldur Haraldsson, Birkir Kristinsson og Guðbjörg Fanndal (frá 10. nóvember). Starfsmenn nefndarinnar voru Klara Bjartmarz og Sigurður Sveinn Þórðarson.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með A landsliði karla. Þjálfari liðsins var Arnar Þór Viðarsson og honum til aðstoðar voru Eiður Smári Guðjohnsen (til 23. nóvember), Halldór Björnsson og Tom Joel. Læknir liðsins var Haukur Björnsson og sjúkraþjálfarar þeir Friðrik Ellert Jónsson, Pétur Örn Gunnarsson, Rúnar Pálmarsson, Stefán Hafþór Stefánsson og Róbert Magnússon. Búningastjórar voru Fannar Helgi Rúnarsson og Kristinn V. Jóhannsson, þá starfaði Þorgrímur Þráinsson með liðinu í ýmsum hlutverkum. Ómar Smárason var sem áður fjölmiðlafulltrúi liðsins, Vilhjálmur Gíslason gegndi stöðu öryggisstjóra, Dagur Sveinn Dagbjartsson var líkt og áður þjálfurinum innan handar við leikgreiningu og að klippa leiki og svo komu tveir starfsmenn inn í útileiki liðsins, þeir Óskar Örn Guðbrandsson, starfsmaður, og Hinrik Örn Guðbjargarson, matreiðslumaður. Verkefni liðsins voru 10 leikir í undankeppni HM og 3 æfingaleikir um sumarið

Leikdagur	Mót	Völlur	Heimalið	Gestir	Úrslit
Fim. 25.03.2021	A karla - HM 2022	Schauinsland-Reisen-Arena	Þýskaland	Ísland	3 - 0
Sun. 28.03.2021	A karla - HM 2022	Rep. Std. Vazgen Sargsyan	Armenía	Ísland	2 - 0
Mið. 31.03.2021	A karla - HM 2022	Rheinpark	Liechtenstein	Ísland	1 - 4
Sun. 30.05.2021	A karla - VL 2021	AT&T Stadium	Mexíkó	Ísland	2 - 1
Fös. 04.06.2021	A karla - VL 2021	Tórsvöllur	Færeyjar	Ísland	0 - 1
Pri. 08.06.2021	A karla - VL 2021	Poznan Stadium	Pólland	Ísland	2 - 2
Fim. 02.09.2021	A karla - HM 2022	Laugardalsvöllur	Ísland	Rúmenía	0 - 2
Sun. 05.09.2021	A karla - HM 2022	Laugardalsvöllur	Ísland	N-Makedónía	2 - 2
Mið. 08.09.2021	A karla - HM 2022	Laugardalsvöllur	Ísland	Þýskaland	0 - 4
Fös. 08.10.2021	A karla - HM 2022	Laugardalsvöllur	Ísland	Armenía	1 - 1
Mán. 11.10.2021	A karla - HM 2022	Laugardalsvöllur	Ísland	Liechtenstein	4 - 0
Fim. 11.11.2021	A karla - HM 2022	Stadionul Steaua	Rúmenía	Ísland	0 - 0
Sun. 14.11.2021	A karla - HM 2022	Nat. Arena Todor Proeski	N-Makedónía	Ísland	3 - 1

Starfsárið 2021 var líkt og árið á undan frábrugðið öðrum árum í ljósi Covid-19 og það voru töluverðar áskoranir sem komu í kjölfarið sem hópurinn leysti vel.

Fyrsti landsleikur ársins var 500. leikur A landsliðs karla frá upphafi, en þar mætti Ísland Þýskalandi í Duisburg.

Haustið var mjög krefjandi í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Þetta, ásamt öðrum utanaðkomandi ástæðum, hafði gríðarleg áhrif á hópinn og var það mikil áskorun að fá leikmenn og starfsmenn til að hugsa eingöngu um fótbolta í verkefnum. Í síðasta leik ársins í Norður Makedóníu sló Birkir Bjarnason landsleikjamat Rúnars Kristinssonar þegar hann lék sinn 104 A landsleik.

#### Lokaorð

Verkefni ársins voru 10 leikir í undankeppni HM, sem leiknir voru í fjórum gluggum. Þar af voru tveir gluggar með fjórum leikjum sem verður að segjast að sé mjög erfitt fyrir fámenna þjóð eins og Ísland. Einnig voru spilaðir 3 æfingaleikir í júní sem gengu mjög vel og fengu margir nýir landsliðsmenn tækifæri í þeim,

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, nefndarmönnum, starfsmönnum liðsins sem og starfsfólki á skrifstofu KSÍ kærlega fyrir samstarfið á árinu 2021.

Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður

**Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla**

Nefndina skipuðu Gísli Gíslason formaður, Borghildur Sigurðardóttir, Gunnar Oddsson, Ólafur Páll Snorrason og Sigurður Örn Jónsson. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson.

Í október sagði stjórn KSÍ af sér og í nefndinni hættu Gísli Gíslason og Borghildur Sigurðardóttir. Við formennsku í U21 nefndinni tók Unnar Stefán Sigurðsson, stjórnarmaður KSÍ, og áfram sátu Gunnar Oddsson, Ólafur Páll Snorrason og Sigurður Örn Jónsson. Þjálfari liðsins er Davíð Snorri Jónasson, aðstoðarþjálfari Hermann Hreiðarsson, markmannsþjálfari Fjalar Þorgeirsson og Þórhallur Siggeirsson leikgreinandi. Læknir er Davíð Egilsson, sjúkráþjálfarar voru Róbert Magnússon, Valgeir Viðarsson, Trausti Hrafnsson og Valgeir Einarsson Mantyla. Búningastjórar eru Ágúst Hranar Valsson og Fannar Helgi Rúnarsson.

**Lokakeppni EM 19/21 í Ungverjalandi og Slóveníu**

Dregið var í lokakeppnina í desember 2020 og lenti íslenska liðið með Frakklandi, Danmörku og Rússlandi í riðli. Allir leikir liðsins fóru fram á Gyirmóti Stadion í borginni Györ í Ungverjalandi. Eftir að U21 liðið hafði tryggt sér sæti í lokakeppni U21 landsliða urðu þjálfaraskipti hjá liðinu. Arnar Þór Viðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen tóku við A-landsliði karla og í framhaldinu var Davíð Snorri Jónasson ráðinn U21 landsliðsþjálfari. Þegar haldið var í lokakeppnina var ekki búið að ganga frá ráðningu aðstoðarþjálfara liðsins og voru Þórður Þórðarson og Jörundur Áki Sveinsson, þjálfarar U19 og U17 kvenna, Davíð til aðstoðar ásamt Fjalari Þorgeirssyni markmannsþjálfara. Á milli lokaleiks riðlakeppninnar í nóvember og fram að lokakeppninni í mars voru engir alþjóðlegir leikdagar og var því ekki hægt að taka neina æfingaleiki fyrir mótið. Fyrsti leikur í mótinu var því fyrsti leikur þjálfarans með liðið. Vegna COVID-19 fundust ekki góðar flugleiðir til Ungverjalands og var því ákveðið að U21 liðið færi í leiguflogi með A-landsliðinu, en A-liðið átti leiki gegn Þýskalandi, Armeníu og Lichtenstein á sama tíma og U21 léki í lokakeppninni. Af sóttvarnarástæðum voru liðin aðskilin þ.e fóru í sitthvorri rútunni til Keflavíkur og einnig voru liðin aðskilin í flugvélinni. Millilent var í Dusseldorf á leiðinni til Ungverjalands þar sem A-landsliðið fór út og síðan var flogið áfram með U21 til Búdapest en þaðan var síðan um 2 tíma rútuferð til Györ. Eins og áður segir fóru allir leikir liðsins fram í borginni Györ í Ungverjalandi og þurfti liðið því ekki að ferðast á milli valla. Gist var á Hotel ETO Park sem er við hliðina á aðal- og æfingavelli samnefnds ETO liðs þannig að öll æfingaaðstaða var í göngufæri. Einnig var öll aðstaðan á hótelinu til fyrirmyndar. Fyrsti leikur liðsins var gegn Rússlandi 25. mars. Jafnræði var með liðunum í byrjun en slæmar síðustu 15 mínútur fyrri hálfleiks gerðu út um vonir Íslands um að fá eitthvað út úr leiknum en staðan í hálfleik var 3-0 Rússum í vil. Meira jafnræði var með liðunum í síðari hálfleik en Rússar komust í 4-0 áður en Sveinn Aron Guðjohnsen skoraði mark á 59. mínútu og lokastaðan 4-1 Rússum í vil. Næsti leikur var gegn Danmörku 28. mars. Mikill baráttuleikur eins og alltaf á milli þessara þjóða. Danir byrjuðu þó betur og voru komnir í 2-0 forystu eftir tuttugu mínútur. Ísland fékk síðan vítaspurnu á 37. mínútu sem markmaður Dana varði. Síðari hálfleikur var frekar tíðandalítill og þegar upp var staðið var helsti munurinn á liðunum að Danirnir nýttu sín færi í leiknum. Síðasti leikur liðsins í riðlinum var síðan gegn Frökkum 31. mars. Eins og í hinum leikjunum tveimur varð fyrri hálfleikur liðsins því að falli þó að Frakkar hafi verið mun sterkari aðilinn í leiknum. Frakkar skoruðu 2 mörk í fyrri hálfleik sem varð síðan lokaniðurstaða leiksins. Ísland lauk því keppni með 3 töp á bakinu og markatöluna 1-8. Eftir mótið var flogið heim með leiguvél Icelandair en ekki var hægt að fá flug á einum degi til Íslands frá Ungverjalandi. Millilent var í Zurich og A-liðið tekið upp og þaðan flogið til Íslands þar sem U21 hópurinn, vegna nýrra Covid reglna, fór inn á sóttvarnarhótel þrátt fyrir að hafa farið í skimun annan hvern dag í Ungverjalandi, verið í einangrun inni á hótelinu þar sem gætt var einstaklega vel að öllum sóttvörnum. Þetta var sérstaklega bagalegt fyrir leikmenn sem misstu þar með af öllum æfingum sinna félagsliða á meðan á dvöl á sóttvarnarhótelinu stóð. Matarræðið á sóttvarnarhótelinu var að auki alls ekki ætlað fyrir afreksmenn í íþróttum og þurfti því að panta allar máltíðir frá veitingahúsum borgarinnar.

**Undankeppni EM 2023**

Dregið var í riðla fyrir EM 2023 í lok janúar. Ísland dróst í riðil með Portúgal, Grikklandi, Kýpur, Hvíta-Rússlandi og Liechtenstein. Vegna COVID-19 tókst ekki að fá neinn æfingaleik fyrir liðið áður en riðlakeppnin hófst. Fyrsti leikur liðsins var gegn Hvíta-Rússlandi 2. september og átti hann að fara fram í borginni Zohodino 60 km fyrir utan höfuðborgina Minsk. Um mitt sumar setti Evrópusambandið á flugbann til Hvíta-Rússlands og var ekki búið að aflétta því þegar leikurinn átti að fara fram. Hægt var að fljúga til Minsk eftir krókaleiðum en fara hefði þurft í gegnum fjóra flugvelli til að komast til Minsk og á Covid tímum var það ekki talið forsvaranlegt að taka slíka áhættu því að auki hefði þurft að gista í Ístanbul á leiðinni. Þegar ferðast er til Hvíta-Rússlands þá er eina leiðin til að komast hjá því að þurfa ferðamannaáritun (Visa) að fljúga til Minsk sem var erfitt þegar flugbann er viðvarandi. Hvíta-Rússland vildi þrátt fyrir þetta að leikurinn færi fram þar í landi en Ísland vildi að leikurinn yrði færður á hlutlausan völl. Hvíta-Rússland lagði til að leikið yrði í borginni Smargon en þaðan var um fjögurra tíma

keyrsla frá Vilnius í Litháen en til Vilnius hefði verið hægt að fljúga með einni millilendingu. Hægt hefði því verið að fara degi fyrr með liðið út að fá áritun til Hvíta-Rússlands og keyra svo frá Vilnius daginn fyrir leik og svo strax til baka að leik loknum. 10 dögum fyrir leik þegar undirbúningur fyrir ferðalagið til Vilnius var vel á veg komið fóru að berast fréttir af innflytjendaátökum á landamærum Litháen og Hvíta-Rússlands. Þeim áhyggjum var komið á framfæri bæði við UEFA og Hvít-Rússa. Hvít-Rússar lögðu þá til að leikurinn yrði færður til borgarinnar Brest sem er á landamærum Póllands og Hvíta-Rússlands eða í 300 km fjarlægð frá Varsjá. Hvíta-Rússland er líka með sendiráð í Varsjá þannig að hægt var að fá áritun þar. Var það á endanum samþykkt enda orðið stutt í leik og ef leika hefði átt á hlutlausum velli þá var Hvíta-Rússland að leika sína heimaleiki í Kazan í Rússlandi og var það sama upp á teningnum við að fara þangað þ.e langt ferðalag í gegnum marga flugvelli og liðið þurfti áritun til að komast inn í Rússland. Flogið var því til Varsjá þar sem liðið æfði og á meðan var sótt um vegabréfsáritanir. Daginn fyrir leik var síðan keyrt til Brest, gist nóttina fyrir leik og síðan keyrt til baka til Varsjár strax eftir leikinn. Á landamærunum voru miklar varúðarráðstafanir og tók það langan tíma að fara í gegn í hvort skiptið en allt gekk þó vandræðalaust fyrir sig. Íslenska liðið var mun betra liðið í leiknum gegn Hvít-Rússum sem fengu nánast engin færi í leiknum. Hákon Arnar Haraldsson skoraði fyrsta mark Íslands á 20. mínútu með skoti rétt fyrir utan vítateig og bætti hann síðan við öðru marki á 54. mínútu eftir mjög góða sókn sem endaði á fyrirgjöf Atla Barkarsonar sem Hákon afgreiddi í netið af markteig. Hvít-Rússar minnkuðu síðan muninn á 70. mínútu eftir misheppnaða sendingu frá marki Íslands. Strákarnir gáfu engin færi á sér eftir þetta og lokatölur 1-2 fyrir Ísland. Næsti leikur var heimaleikur gegn Grikklandi sem leikinn var á Fylkisvelli 7. september. Undanfarin ár hafa heimaleikir U21 karla verið í Víkinni en vegna COVID-19 náðist ekki að fá FIFA úttekt á gervigrasinu og því leikið á Fylkisvelli sem var með gilda úttekt út september. Leikurinn við Grikki var leikur tveggja jafna liða. Hart var barist, Ísland komst yfir þegar Kolbeinn Þórðarson skoraði með langskoti sem markmaður Grikkja missti yfir sig á 37. mínútu. Grikkir náðu síðan að jafna með síðustu sókn fyrri hálfleiks og þar við sat og 1-1 því lokaniðurstaðan. Leikið var síðan gegn Portúgal 12. október í Víkinni. Þetta var leikur markvarðanna en leikurinn var mjög fjörugur og bæði lið fengu fín færi til að skora. Svo fór þó að Portúgal náði að notfæra sér varnarmistök Íslands á 55. mínútu til að skora eina markið í leiknum. Síðustu tveir leikir ársins voru leiknir ytra. Fyrir lá að Hermann Hreiðarsson, aðstoðarþjálfari Davíðs, kæmist ekki með í þetta verkefni og var Ólafur Kristjánsson því Davíð Snorra til aðstoðar. Fyrri leikurinn var 12. nóvember gegn Liechtenstein. Yfirburðir Íslands í leiknum voru mun meiri en lokatölur leiksins gefa til kynna. Íslenska liðið sótti látlaust allan leikinn en fyrsta mark leiksins var skorað eftir mjög gott samspil sem endaði með því að Ágúst Eðvald Hlynsson sendi boltann á yngri bróður sinn, Kristan Nökkva Hlynsson, sem skoraði með góðu skoti á 14. mínútu. Það var svo Ágúst Eðvald sem bætti við öðru marki á 25. mínútu, einnig eftir frábært spil. Brynjólfur Andersen Willumsson skoraði síðan þriðja markið með frábæru skoti frá vítateighorninu í hornið fjær á 31. mínútu. Síðari hálfleikurinn fór nánast fram inni í vítateig Liechtenstein sem vörðust mjög vel og því ekki fleiri mörk skoruð og lokastaðan í leiknum 0-3. Daginn eftir var flogið til Grikklands en leikið var í borginni Tripoli sem er í um 190 km fjarlægð frá Apenu. Grikkir tilkynntu leikstað einungis mánuði fyrir leik og fékkst ekkert hótél í Tripoli eða næsta nágrenni fyrir liðið. Gist var því í borginni Naplio sem var í um 70 km fjarlægð og vegna fjarlægðar var ekki tekin æfing á leikvelli fyrir leik. Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri leiknum og var það sama upp á teningnum í byrjun þessa leiks sem var mikilvægur fyrir bæði lið en liðið sem ynni leikinn yrði í sterkri baráttu við Portúgal um sigur í riðlinum. Liðin skiptust á að sækja í fyrri hálfleik án þess að skapa sér góð færi, alveg þangað til á 37. mínútu að Grikkir fengu vítaspurnu sem þeir skoruðu úr og leiddu 1-0 í hálfleik. Á fyrstu mínútu síðari hálfleiks misstu Grikkir leikmann útaf með sitt annað gula spjald. Ísland sótti látlaust að marki Grikkja eftir það og á 71. mínútu fékk Ísland víti. Brynjólfur Andersen Willumsson tók spurnuna en setti boltann í stöngina og aftur fyrir markið. Strákarnar lögðu enn meira í sóknina og komust Grikkir, sem lögðu alla áherslu á vörnina, varla yfir miðju það sem eftir lifði leiks. Þrátt fyrir margar góðar marktíraunir tókst strákunum ekki að skora og unnu Grikkir því leikinn 1-0 og eru í öðru sæti riðilsins á eftir Portúgal, en Ísland er í fjórða sæti riðilsins á lakari markatölu en Kypur. Ísland og Kypur eiga svo eftir að mætast innbyrðis árið 2022.

### Leikmenn

Alls tóku 22 leikmenn þátt í öllum leikjum lokakeppninnar en Ari Leifsson var eini leikmaðurinn sem byrjaði alla leikina. Fjórir leikmenn voru kallaðir upp í A landsliðið fyrir síðasta leik í riðlinum, þeir Jón Dagur Þorsteinsson, Ísak Bergmann Jóhannesson, Sveinn Aron Guðjohnsen og Willum Þór Willumsson. Fyrirliðar í lokakeppninni voru Jón Dagur Þorsteinsson og Ari Leifsson.

Í nýrri undankeppni EM 2023 hafa 25 leikmenn tekið þátt í leikjunum fimm. Atli Barkarson, Kolbeinn Þórðarson og Valgeir Lunddal Friðriksson voru í byrjunarliðinu í leikjunum fimm. Með þessum fjórum leikjum sem Alfons Sampsted spilaði varð hann leikjahæsti leikmaður U21 landsliðsins frá upphafi með 30 leiki. Fyrirliðar hafa verið Brynjólfur Andersen Willumsson og Kolbeinn Þórðarson.

**U21 nefnd karla**



**Skýrsla unglínganefndar (karla og kvenna)**

Nefndina skipuðu Ragnhildur Skúladóttir, formaður (til 10. október), Margrét Ákadóttir, formaður (frá 11. október), Jóhann Torfason (til 10. október), Jónas Gestur Jónasson (til 10. október), Marteinn Ægisson, Pálmi Haraldsson, Pétur Ólafsson, Sigurður Hlíðar Rúnarsson, Tómas Þóroddsson (til 10. október), Harpa Frímansdóttir, Jakob Skúlason (til 10. október), Mist Rúnarsdóttir og Sunna Sigurðardóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Sveinn Þórðarson.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með yngri landsliðum Íslands. Nokkrar breytingar urðu á þjálfurum yngri landsliða Íslands á árinu.

Davíð Snorri Jónasson tók við starfi U21 karla í upphafi árs og tók Jörundur Áki Sveinsson við starfi hans sem þjálfari U17 karla. Magnús Örn Helgason var ráðinn síðar á árinu sem þjálfari U17 kvenna. Eftir að Þórður Þórðarson lét af störfum, þá hefur Jörundur Áki einnig þjálfað lið U19 kvenna. Ólafur Ingi Skúlason var ráðinn sem þjálfari U19 karla, en hann þjálfar einnig lið U15 kvenna. Lúðvík Gunnarsson var þjálfari U15 karla.

**U15 landslið kvenna – leikmenn fæddir 2007 og síðar**

Covid-19 hafði mikil áhrif á þetta landslið sem og önnur á þessu ári, og öllum leikjum þessa árs var frestað.

**U15 landslið karla – leikmenn fæddir 2007 og síðar**

U15 landsliðið lék tvo æfingaleiki í Finnlandi á haustmánuðum.

21.09.2021 15:00	Finnland	Ísland	4 - 3	Mikkelin Urheilupuisto
23.09.2021 10:00	Finnland	Ísland	6 - 2	Mikkelin Urheilupuisto

**U16/U17 landslið kvenna - Leikmenn fæddir 2005 og síðar**

U16 landsliðið tók þátt í Norðurlandamóti í Danmörku í júlí.

06.07.2021 16:00	Ísland	Svíþjóð	1 - 1	Ribe
09.07.2021 12:30	Danmörk 2	Ísland	0 - 1	Aabenraa
12.07.2021 14:30	Danmörk	Ísland	3 - 1	Haderslev

**U16/U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2005 og síðar**

U17 landsliðið lék tvo æfingaleiki við Finnland í Finnlandi í ágúst og svo í 3 leiki í undankeppni EM.

25.08.2021 15:00	Finnland	Ísland	1 - 2	Myrämäen Jalkapallostadion
27.08.2021 11:00	Finnland	Ísland	3 - 1	Mustapekka Areena
22.10.2021 15:00	Georgía	Ísland	1 - 1	Budaörsi Városi Stadion
25.10.2021 15:00	Ísland	Eistland	1 - 2	Bicskei Sportpálya
28.10.2021 15:00	Ísland	Ungverjaland	0 - 0	Global Football Park

**U17/U18 landslið kvenna - Leikmenn fæddir 2004 og síðar**

U17 landsliðið tók þátt í 3 leikjum í undankeppni EM.

24.09.2021 17:00	Ísland	Serbía	4 - 1	Sport Center FA of Serbia
27.09.2021 11:00	Spánn	Ísland	4 - 0	Sport Center FA of Serbia
30.09.2021 12:00	Norður-Írland	Ísland	1 - 3	Sport Center FA of Serbia

**U17/U18 landslið karla - Leikmenn fæddir 2004 og síðar**

Covid-19 hafði mikil áhrif á þetta landslið sem og önnur á þessu ári, öllum leikjum þessa árs var frestað.

**U19 landslið kvenna - Leikmenn fæddir 2002 og síðar**

U19 landsliðið tók þátt í 3 leikjum í undankeppni EM.

15.09.2021 11:00	Ísland	Svíþjóð	1 - 2	Sport Center FA of Serbia
18.09.2021 11:00	Frakkland	Ísland	2 - 0	Sport Center FA of Serbia
21.09.2021 11:00	Serbía	Ísland	0 - 2	Sport Center FA of Serbia

#### U19 landslið karla - Leikmenn fæddir 2002 og síðar

U19 landsliðið lék 2 æfingaleiki í Færeyjum í júní og léku svo 3 leiki í undankeppni EM.

03.06.2021 16:30	Færeyjar	Ísland	2 - 2	Svangaskarður
06.06.2021 14:00	Færeyjar	Ísland	2 - 2	Svangaskarður
06.09.2021 16:00	Sviss	Ísland	3 - 0	Tissot Arena
06.10.2021 13:30	Ísland	Slóvenía	3 - 1	TSC Trate Gornja Radgona
09.10.2021 13:30	Ítalía	Ísland	3 - 0	SRC Bakovci Stadium
12.10.2021 13:30	Litháen	Ísland	1 - 2	Sportni Park Radenci

#### Lokaorð

Verkefnum landsliðanna fjölgaði töluvert frá síðasta ári. Engu að síður er töluvert í land til að ná upp þeim fjölda leikja sem var fyrir COVID-19.

Ég vil þakka nefndarmönnum, þjálfurum, öðrum starfsmönnum landsliðanna, leikmönnum og starfsfólki á skrifstofu KSÍ fyrir vel unnin störf og gott samstarf á árinu.

*Margrét Ákadóttir, formaður*

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2021: Borghildur Sigurðardóttir, formaður, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Margrét Ákadóttir, Ragnhildur Skúladóttir og Þorsteinn Gunnarsson. Eftir aukaársþing sambandsins í október 2021 var nefndin svo þannig skipuð: Borghildur Sigurðardóttir, formaður, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Margrét Ákadóttir og Guðlaug Helga Sigurðardóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Þorvaldur Ingimundarson.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna og verkefnum tengdum liðinu. Landsliðsþjálfari var Þorsteinn H. Halldórsson, Ásmundur Haraldsson aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari og Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir styrktarþjálfari. Sjúkraþjálfarar voru Ásta Árnadóttir, Jófríður Halldórsdóttir og Ari Már Fritzon. Læknar voru Aðalheiður Rósa Jóhannesdóttir, Sigurrós Jónsdóttir og Lára Claessen. Liðsstjórar voru þær Laufey Ólafsdóttir og Kristbjörg Helga Ingadóttir. Jóhann Ólafur Sigurðsson var fjölmiðlafulltrúi liðsins.

Þorsteinn H. Halldórsson var ráðinn landsliðsþjálfari í janúar og tók þar með við af Jóni Þór Haukssyni sem hætti í desember 2020. Fyrstu leikir Þorsteins sem þjálfara áttu að vera á fjögurra þjóða móti í Frakklandi í febrúar en vegna heimsfaraldurs COVID-19 reyndist ekki hægt að taka þátt í því móti þegar til kom. Samningar náðust svo við Ítali um 2 vináttulandsleiki í apríl og var leikið ytra, 10. og 13. apríl. Heimakonur höfðu betur í fyrri leiknum, 1-0 og jafntefli var í seinni leiknum, 1-1. Þar komust Ítalir yfir strax í byrjun leiks en Karólína Lea Vilhjálmisdóttir jafnaði metin á 40. mínútu. Tveir hörkuleikir sem voru kærkomin byrjun fyrir nýjan þjálfara.

Dregið var svo í undankeppni HM 2023 í lok apríl og lenti Ísland í riðli með Evrópumeisturum Hollands, Tékkum, Hvít-Rússum og Kýpur. Efsta þjóð hvers riðils tryggir sér sæti í úrslitakeppninni sem fram fer í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Annað sætið gefur sæti í umspili þar sem níu þjóðir munu þá leika um 3 laus sæti í úrslitakeppninni.

Undirbúningur fyrir undankeppni HM hélt áfram í júní þegar leiknir voru tveir vináttulandsleikir gegn Írum á heimavelli. Það blés nokkuð vel á Laugardalsvelli í fyrri leiknum og þar gerði Ísland þrjú mörk í fyrri hálfleik. Agla María Albertsdóttir skoraði á 11. mínútu, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir bætti við marki á 14. mínútu og Dagný Brynjarsdóttir kórónaði góðan fyrri hálfleik með marki á 39. mínútu. Gestirnir minnkuðu muninn á 50. mínútu og í blálok leiksins gerðu þeir annað mark sitt og 3-2 sigur var niðurstaðan. Aðstæður voru mun betri í seinni leiknum og eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu þær Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Karólína Lea Vilhjálmisdóttir mörkin í 2-0 sigri.

Næstu leikir voru svo í undankeppni HM og voru Hollendingar fyrstu mótherjarnir á Laugardalsvelli í september. Gestirnir höfðu betur í hörkuleik, 0-2. Tveir leikir fóru svo fram á Laugardalsvelli í október, fyrst voru Tékkar lagðir 4-0. Fyrsta markið kom á 12. mínútu þegar Berglind Björg kom boltanum í netið. Dagný Brynjarsdóttir skoraði annað markið á 59. mínútu og Svava Rós Guðmundsdóttir gerði þriðja markið á 81. mínútu. Tveimur mínútum síðar var það Gunnhildur Yrsa sem gerði fjórða markið. Frábær sigur, sá fyrsti á Tékkum.

Fjórum dögum síðar var tekið á móti Kýpur og varð niðurstaðan mjög öruggur 5-0 sigur. Dagný gerði fyrsta markið á 14. mínútu og Sveindís Jane Jónsdóttir gerði annað markið sjö mínútum síðar. Karólína Lea gerði svo þriðja markið á síðustu mínútu fyrri hálfleiks. Sveindís Jane var svo aftur á ferðinni á 55. mínútu áður en Alexandra Jóhannsdóttir skoraði lokamark leiksins á 64. mínútu.

Lokaleikur ársins í undankeppni HM var svo á útivelli gegn Kýpur þann 30. nóvember. Hins vegar var komið við í Hollandi og leikinn vináttulandsleikur við Japan þann 25. nóvember. Þar vannst 2-0 sigur í mjög sannfærandi leik íslenska liðsins. Sveindís Jane gerði fyrra markið á 14. mínútu og á 70. mínútu bætti Berglind Björg við marki. Fyrsti sigur sem vinnst á Japan hjá A landsliði kvenna.

Leikurinn við Kýpur vannst svo 4-0, Karólína Lea, Berglind Björg og Sveindís Jane skoruðu í fyrri hálfleik og Guðrún Arnadóttir gerði sitt fyrsta landsliðsmark, og eina mark seinni hálfleiks. Ísland lýkur því árinu í öðru sæti riðilsins, á eftir Hollendingum, en liðin í riðlinum hafa leikið mis marga leiki. Íslenska liðið hefur hins vegar tapað fæstum stigum til þessa en framundan á næsta ári eru fjórir hörkuleikir, þar af þrjú á útivelli.

Í desember var svo loksins komið að því að draga í riðla í úrslitakeppni EM sem fram á sumri komandi í Englandi. Mótherjarnir eru Frakkar, Ítalir og Belgar og byrjar ballið gegn síðastnefndu þjóðinni þann 10. júlí á Manchester City Academy Stadium.

Í lok árs var íslenska liðinu boðið að taka þátt á *SheBelives Cup* sem haldið er í febrúar ár hvert. Þátttakan var svo staðfest í byrjun þessa árs og verður leikið við Nýja-Sjáland, Tékkland og Bandaríkin á þessu móti.

Árangurinn hefur verið góður á árinu og mjög spennandi ár framundan. Óhætt er að segja að heimsfaraldurinn haldi áfram að setja strik í reikninginn þegar kemur að öllu skipulagi er varðar liðið, mótahald, ferðalög og gistingu svo eitthvað sé talið. En hópurinn, leikmenn og starfsfólk hafa sýnt aðdáunarverða aðlögunarhæfni við ýmsar aðstæður á ári líðandi.

Starfsmönnum liðsins, leikmönnum og nefndarfólki þakka ég ómetanleg störf á liðnu starfsári og hlakka til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni næsta knattspyrnuárs.

*Borghildur Sigurðardóttir, formaður*

**A landsleikir karla 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=112&felag=136924&mot=42021&mot=42061>

**U21 landsleikir karla 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=281&felag=136924&mot=42041&mot=42661>

**U19 landsleikir karla 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=380&felag=136924&mot=43241&mot=41721>

**U17 landsleikir karla 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=421&felag=136924&mot=42101&mot=43221>

**U15 landsleikir karla 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=4580&felag=136924&mot=41021>

**A landsleikir kvenna 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=112&felag=136924&mot=43041&mot=42641>

**U19 landsleikir kvenna 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=380&felag=136924&mot=43062&mot=43281>

**U17 landsleikir kvenna 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=421&felag=136924&mot=43061>

**U16 landsleikir kvenna 2021**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2021&flokkur=3920&felag=136924&mot=38482>

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Valgeir Sigurðsson, formaður, Ásgeir Ásgeirsson (til 3. september), Björn Friðbjólfsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Linda Hlín Þórðardóttir, Sveinbjörn Másson, Vignir Már Þormóðsson og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson, mótastjóri, og Guðlaugur Gunnarsson. Einnig sinntu Hafsteinn Steinsson, Pjetur Sigurðsson og Þorvaldur Ingimundarson ýmsum störfum tengdum mótamálum. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ eru birt á vef KSÍ og í bókinni *Íslensk knattspyrna 2021* eftir Víði Sigurðsson, sem Sögur útgáfa gefur út. Þetta er í 20. skiptið sem KSÍ birtir öll úrslit og stöðutöflur í bókinni.

Flokkun og fjöldi leikja

Leikjum fjölgaði um 455 milli ára. Skýrist það aðallega af því að flest mót ársins í meistaraflokki voru leikin til enda þrátt fyrir Covid-19, ólíkt því sem átti sér stað 2020.

Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um leikjafjölda 2021 og samanburð við árin á undan.

Heildarfjöldi KSÍ leikja

Leikár	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2012	2010	2008
Leikir samtals	5319	4864	5.439	5.333	5.675	5.361	5.300	5.439	5.403	5.515	4.998

Meistaraflokkur karla	2021	2020	2019
Íslandsmót og Meistarakeppni	789	690	753
Bikarkeppni	82	76	79
Deildarbikar *	164	93	182
Futsal	0	40	55
<b>Samtals:</b>	<b>1035</b>	<b>899</b>	<b>1069</b>

\*Mótinu lauk ekki vegna Covid-19

2. flokkur karla	2021	2020	2019
Íslandsmót	454	322	350
Bikarkeppni	24	21	25
<b>Samtals:</b>	<b>478</b>	<b>343</b>	<b>375</b>

3. flokkur karla	2021	2020	2019
Íslandsmót	458	437	436
Bikarkeppni	26	29	27
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>484</b>	<b>466</b>	<b>463</b>

4. flokkur karla	2021	2020	2019
Íslandsmót	494	495	518
Íslandsmót 8 manna	68	52	0
<b>Samtals:</b>	<b>562</b>	<b>547</b>	<b>518</b>

5. flokkur karla	2021	2020	2019
Íslandsmót	973	1071	983

6. flokkur karla	2021	2020	2019
Pollamót	0	0	251

Eldri flokkur karla	2021	2020	2019
Íslandsmót	63	42	56

Meistaraflokkur kvenna	2021	2020	2019
Íslandsmót og Meistarakeppni	264	229	223
Bikarkeppni	32	25	27
Deildarbikar *	44	11	62
Futsal	0	12	6
<b>Samtals:</b>	<b>340</b>	<b>277</b>	<b>318</b>

\*Mótinu lauk ekki vegna Covid-19

2. flokkur kvenna	2021	2020	2019
Íslandsmót	114	78	98
Bikarkeppni	15	11	13
<b>Samtals:</b>	<b>129</b>	<b>89</b>	<b>111</b>

3. flokkur kvenna	2021	2020	2019
Íslandsmót	197	167	180
Bikarkeppni	18	18	20
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>215</b>	<b>185</b>	<b>200</b>

4. flokkur kvenna	2021	2020	2019
Íslandsmót	313	317	296
Íslandsmót 8 manna	50	46	20
<b>Samtals:</b>	<b>363</b>	<b>363</b>	<b>316</b>

5. flokkur kvenna	2021	2020	2019
Íslandsmót	596	543	464

6. flokkur kvenna	2021	2020	2019
Hnátumót	0	0	195

Mót fatlaðra	2021	2020	2019
Íslandsleikar	0	0	0

Landsleikir karla	2021	2020	2019
A landslið	13	10	12
U21 landslið	8	5	9
U18 - 19 landslið	6	0	7
U15 - U17 landslið	7	4	23
Evrópuleikir félagsliða karla	2021	2020	2019
Meistaraflokkur	16	5	12
Unglingaflokkur	0	0	4
Futsal meistaraflokkur	0	0	3

Landsleikir kvenna	2021	2020	2019
A landslið	8	8	12
U18 - 19 landslið	5	3	13
U15 - U17 landslið	6	2	18
Evrópuleikir félagsliða kvenna	2021	2020	2019
Meistaraflokkur	12	2	7

Samtals: **3645 3392 3785**

Samtals: **1674 1472 1654**

### Mótahald í meistaraflokki

Keppnistímabilið hófst með svipuðum hætti og 2020 hvað varðar áhrif Covid-19. Keppni í knattspyrnu innanhúss (futsal) var aflýst. Sama átti við um Meistarakeppni KSÍ. Lengjubikarinn fékk líka að kenna á Covid-19, en ekki var hægt að ljúka Lengjubikarnum af þeim sökum. Það jákvæða við þetta keppnistímabil er þó að Íslandsmót og bikarkeppnir sumarsins fóru allar fram öfugt við keppnistímabilið 2020.

Niðurröðun leikja sumarsins var eilítið seinna á ferðinni en venjulega þar sem lok móta 2020 drógust (lokið með ákvörðun stjórnar KSÍ). Þegar fram á vorið kom þá þurfti að seinka upphafi Mjólkurbikarsins og Pepsi Max deildar karla vegna Covid-19, m.a. vegna þess að félögum hafði verið óheimilt að æfa með fullnægjandi hætti. Óskuðu félögin í Pepsi Max deild karla eftir því að fá 14 daga til æfinga áður en keppni myndi hefjast. Við því var orðið. Vegna seinkunar á upphafi mótsins var farin sú leið í samráði við ÍTF að seinka lokum Mjólkurbikars karla svo að Pepsi Max deild karla myndi klárast á upphaflegum leikdegi í lok september.

Til viðbótar við ofangreint þá þurfti að færa til 20 leiki í meistaraflokki eftir að mót voru hafin vegna sóttkvíar og einangrunar leikmanna.

Eins og sjá má af ofangreindu réð Covid-19 verulega för hvað varðar skipulag móta. Fljótlega var því ljóst að gildistíma hinnar svokölluðu Covid reglugerðar varð að framlengja. Var það gert með smávægilegum breytingum. Reglugerðin hefur hjálpað vinnu mótanefndar KSÍ verulega þegar t.d. eru teknar ákvarðanir um frestanir leikja.

### Fjöldi liða í meistaraflokki

Í meistaraflokki kvenna bættust við fjögur ný lið; Einherji (voru síðast með 2018), KH (voru síðast með 2016), SR og KM.

Árið 2021 tóku því 33 félög þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna. Hafa þau aldrei verið svo mörg.

Fjögur ný félög bættust við í Íslandsmót meistaraflokks karla; Gullfálkinn, Reynir H, RB og Úlfarnir eftir ársfjarveru. Snæfell hætti fyrir upphaf móts og Gullfálkinn hætti um mitt sumar. Fjöldi liða í Íslandsmóti meistaraflokks karla var því 81.

### Keppni varaliða fór ekki fram

Áfram var reynt að koma á fót keppni varaliða í meistaraflokki karla. Einungis 4 lið tilkynntu þátttöku. Ákveðið var því að fella niður keppnina 2021 líkt og 2020.

### Fjöldi liða í mótum

Í ár tóku 769 keppnislið aðildarfélaganna þátt í mótum á vegum KSÍ, 516 lið karla og 253 lið kvenna. Þátttökuliðum fjölgaði um 44 milli ára, 24 lið karla og 20 lið kvenna. Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni.

### Annað árið í röð höfðu samkomutakmarkanir veruleg áhrif á aðsókn

Tímabilið 2021 var svipað og árið áður, þar sem samkomutakmarkanir höfðu áhrif á aðsókn að leikjum í Pepsi Max deildum karla og kvenna. Þegar mótið hófust var komin eftirvænting meðal stuðningsmanna en þá máttu eingöngu 200 manns mæta á leiki vegna takmarkanna. Munurinn frá árinu 2020 er að nú var mótið klárað og öll lið náðu að leika alla sína leiki. Fjöldatölur og mæting á leiki almennt endurspeglast í þeim takmörkunum sem voru í gildi hverju sinni. Ljóst er að verk er að vinna við að ná aftur upp fyrri aðsókn á leiki.

### Pepsi Max deild karla

Það var einn leikur þar sem áhorfendafjöldi fór yfir 2.000 manns en flestir áhorfendur á leik í Pepsi Max deild karla voru á viðureign Víkings og Leiknis á Víkingsvelli þann 25. september þar sem mættu 2.023. Heildaraðsókn

að leikjunum 132 sem voru leiknir í Pepsi Max deild karla var 64.892 og meðaltalið á hverjum leik var því 492. Besta mæting út frá umferðum var á 22. umferðina en þar mættu 5.644 (941 meðaltal) en næst best var hún á 21. umferðina en á hana mættu 4.634 (772 meðaltal).

*Pepsi Max deild kvenna*

Í þremur umferðum fór heildarfjöldi áhorfenda yfir 1.000 manns. Flestir mættu á leiki í 15. umferð en þá mættu 1.266, á leiki í 6. umferð mættu 1.003 og 18. umferð 1.117. Meðalaðsókn að leikjum í Pepsi Max deildar kvenna var 159 manns. Flestir áhorfendur voru á leik Breiðabliks gegn Val þann 13. ágúst en á leikinn mættu 616 manns. Næst flestir áhorfendur voru á leik Vals gegn Selfossi, en á leikinn mættu 432.

Pepsi Max deild karla	2021	2020*	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Samtals	64.892	66.167	134.354	113.761	110.675	128.741	146.137	121.852	139.576	136.740	148.163
Meðaltal á leik	492	618	1.018	862	838	975	1.107	923	1.057	1.034	1.122

Pepsi Max deild kvenna	2021	2020*	2019	2018
Samtals	14.346	14.352	18.350	16.740
Meðaltal á leik	159	184	215	186

**Íslandsmót yngri flokka**

Eins og lesa má í skýrslum mótanefndar undanfarinna ára, þá hafa átt sér stað á hverju ári nokkrar breytingar á fyrirkomulagi mótanna. Engin undantekning var á því árið 2021. Í úrslitakeppni var félögum fækkað og ekki lengur leikið í fjögurra liða riðlum líkt og mörg undanfarin ár. Þess í stað var leikið með útsláttarfyrirkomulagi. Þannig var algerlega komið í veg fyrir að markatala gæti ráðið úrslitum. Svipað fyrirkomulag og tekið var upp 2020 í 4. flokki.

Covid-19 hafði ekki eins mikil áhrif á mótahald yngri flokka og í meistaraflokki. Þó nokkru af leikjum var þó frestað af þeim sökum. Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um fjölda leikjanna sem var frestað vegna Covid-19, því í flestum tilfellum gengu félögin frá samkomulagi sín á milli um færslur leikjanna án þess að tilgreina ástæðu til KSÍ.

**Ekki mætt til leiks og lið sem hættu þátttöku**

	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi liða sem hættu þátttöku	29	22	27	34	30	29	24	29	41	37
Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki	11	7	6	11	6	7	9	6	16	3

Hlutaðeigandi félög voru sektuð í samræmi við reglugerð

**KRR-mót og Faxaflóamót**

KSÍ annast skipulagningu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. Mótanefndir KRR og Faxaflóamótanna sameinuðu keppni í öllum yngri flokkum fyrir utan 5. flokk karla. Leikir fyrir utan 5. flokk karla teljast sem leikir í Faxaflóamótunum. Vegna Covid-19 var öllum leikjum í Reykjavíkur- og Faxaflóamótunum aflýst eftir 22. mars, sem skýrir þessa miklu fækkun leikja milli ára.

Heildarfjöldi leikja	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
KRR-mót	157	340	743	921	913	792	809	795	903	772
Faxaflóamót	960	1.187	1.576	1.359	1.250	1.196	873	844	1.316	1.053

**Lokaorð**

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónaveiru má segja að leiktímabilið hafi gengið furðu vel. Eins og fram kemur í þessari skýrslu voru áhrif veirunnar á mótahaldið nokkur en mikið fagnaðarefni að hægt var að ljúka öllum mótum ólíkt því sem var 2020.



Heilt yfir voru mótin skemmtileg og mörg hver spennandi og íslensku mótin fengu umfjöllun og góða athygli þrátt fyrir að áhorfendum á völlum hafi fækkað um það bil um helming vegna fjöldatakmarkana stjórnvalda.

Mikil vinna hefur átt sér stað á síðustu tveimur árum við að rýna fyrirkomulag deildarkeppna meistaraflokka. Sú vinna hófst með starfshópi sem fjallaði um efstu deild karla 2020. En á þessu ári hafa þrír starfshópar verið að störfum við að rýna aðrar deildir og hafa þeir nú komið fram með tillögur. Segja má að veigamest þeirra tillagna sé breyting á fyrirkomulagi 4. deildar karla en stefnt er að því að skipta núverandi deild í þrjár nýjar deildir. Það er tímabært að ráðast í þessar breytingar enda hefur liðum í deildinni fjölgað jafnt og þétt og ekkert sem bendir til annars en sú fjölgun muni eiga sér stað á næstu árum. Með þessari breytingu verður fjöldi þátttökuliða í landsdeildum rammaður inn auk þess sem lið af svipaðri getu munu eigast við í nýjum deildum.

Aðrar breytingar sem fyrirhugaðar eru á mótum meistaraflokka eru mjög spennandi og áhugaverðar. Það er löngu tímabært að taka nauðsynleg skerf við fjölgun leikja í efstu deildum, skapa verðmætari vöru og áhugaverðari mót og vinna þannig að auknum gæðum íslenskrar knattspyrnu.

Aðildarfélögnum, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, dómurum og knattspyrnuáhugafólki öllu þakka ég samstarfið á árinu. Að lokum eftir fjögurra ára setu í stjórn KSÍ og þrjú ár sem formaður mótanefndar þá þakka ég samstarfsfólki mínu í stjórn KSÍ, nefndarmönnum í mótanefnd, fulltrúum í starfshópum og starfsfólki KSÍ fyrir mikið og gott samstarf á liðnum árum. Sérstakar þakkir fær Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ en varla hefur sá dagur liðið sem við eigum ekki í samskiptum.

Framtíð íslenska boltans er björt og spennandi tímar framundan!

*Valgeir Sigurðsson*  
*formaður mótanefndar KSÍ*

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2021

Þátttaka í mótum utanhúss 2021 - Fjöldi liða																							
	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	
Meistaraflokkur karla	82	80	81	79	81	76	79	79	74	77	75	75	69	69	68	67	63	63	62	55	53	52	
Eldri flokkur karla 30+	0	0	4	4	6	6	5	4	5	7	10	11	12	10	9	10	10	15	15	17	18	18	
Eldri flokkur karla 40+	7	7	7	6	8	8	9	10	9	11	13	14	14	14	13	15	15	14	10	11			
Eldri flokkur karla 50+	7	6	5	5	6	6	4	4	4	4	5												
2. flokkur karla	31	27	27	26	27	27	27	28	28	30	32	29	27	29	30	29	30	29	31	26	30	29	
2. flokkur karla B lið	19	17	17	16	18	17	16	17	13	9	8	7	6	6	5	6	5	3					
3. flokkur karla	31	33	33	31	29	29	29	29	29	31	29	35	36	32	36	36	35	40	37	34	33	28	
3. flokkur karla B lið	21	21	22	31	20	21	21	24	19	20	22	17	16	23	16	16	15	13	10	9	5		
3. flokkur karla C lið	19	12	10	11	9	11	15	9	8	6	0	4	6										
3. flokkur karla 7 manna	0	0	0	0	3	0	0	2	9	5	9	6	3	3	6	7	3	4	8	9	19	19	
4. flokkur karla A lið	34	33	36	35	35	35	35	34	36	37	36	36	36	37	42	40	43	43	38	38	33	28	
4. flokkur karla B lið	22	19	19	22	30	26	23	22	24	26	26	24	21	25	21	24	27	24	20	14	15	15	
4. flokkur karla C lið	39	31	31	32	25	22	16	19	21	17	15	12	12	9	11	11	0	6	5	6	6		
4. flokkur karla 8 manna	14	12	0	6	7	7	2	8	11	8	9	17	15	6	3	15	16	15	14	16	23	29	
5. flokkur karla A lið	45	46	43	43	45	46	45	43	47	45	49	52	50	48	43	49	53	52	58	54	47	46	
5. flokkur karla B lið	57	53	40	45	48	46	46	44	39	41	44	43	38	40	42	45	46	45	46	44	39	41	
5. flokkur karla C lið	50	51	41	36	40	41	43	31	34	39	42	43	33	30	33	28	28	27	23	27	26	25	
5. flokkur karla D lið	38	44	50	48	46	48	38	31	33	31	38	38	28	26	30	23	25	27	19	19	15		
6. flokkur karla A lið	0	0	26	34	37	32	42	55	53	42	48	39	51	45	41	40	51	43	46	46	46	45	
6. flokkur karla B lið	0	0	25	36	43	37	45	57	58	45	48	39	42	32	35	38	39	39	35	44	35	34	
6. flokkur karla C lið	0	0	30	37	42	34	46	62	65	33	39	36	25	42	26	24	25	33	25	26	26		
6. flokkur karla D lið	0	0	20	26	33	31	34	46	55	34	31	37	25	22	18	22	22	24	25	20	13		
<b>Alls karla</b>	<b>516</b>	<b>492</b>	<b>567</b>	<b>609</b>	<b>638</b>	<b>606</b>	<b>620</b>	<b>658</b>	<b>674</b>	<b>598</b>	<b>628</b>	<b>614</b>	<b>565</b>	<b>548</b>	<b>528</b>	<b>545</b>	<b>551</b>	<b>559</b>	<b>527</b>	<b>515</b>	<b>508</b>	<b>437</b>	
Meistaraflokkur kvenna	33	29	28	28	29	32	30	28	27	27	24	26	22	22	24	22	20	21	23	20	17	19	
2. flokkur kvenna	16	14	15	15	14	14	12	14	15	16	17	14	13	14	12	10	11	15	14	13	13	13	
3. flokkur kvenna	21	21	21	20	22	20	21	21	20	27	27	27	24	19	16	20	22	23	21	17	16	14	
3. flokkur kvenna B lið	12	9	10	9	8	6	9	8	5	0	0	0	6	4									
3. flokkur kvenna 7 manna	0	0	0	0	0	0	0	2	5	9	10	10	10	11	13	14	13	18	17	16	16	19	
4. flokkur kvenna A lið	24	26	25	28	27	26	26	28	28	27	26	31	28	28	22	22	22	34	33	33	32	30	
4. flokkur kvenna B lið	24	23	22	17	19	17	12	15	16	12	10	10	8	8	13	9	6	25	19	20	18	15	
4. flokkur kvenna C lið	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	6	3	5		
4. flokkur kvenna 8 manna	10	10	5	0	0	4	6	2	10	13	8	12	6	13	17	18	20						
5. flokkur kvenna A lið	29	38	32	31	32	32	31	31	33	33	35	37	37	35	34	32	41	35	27	24	27	29	
5. flokkur kvenna B lið	35	28	28	28	32	30	29	26	31	35	33	28	28	28	26	23	30	32	17	17	22	16	
5. flokkur kvenna C lið	28	22	18	20	18	14	16	14	13	14	13	12	11	9	10	18	15					5	
5. flokkur kvenna D lið	21	13	10	9	9	9	11	8	8	9	12	8											
6. flokkur kvenna A lið	0	0	25	26	26	26	31	35	37	31	30	31	35	25	31	32	33						
6. flokkur kvenna B lið	0	0	22	27	24	25	28	37	34	28	24	29	21	23	12	25	26						
6. flokkur kvenna C lið	0	0	20	22	21	22	24	23	28	14	12	18	19	8	9	7							
6. flokkur kvenna D lið	0	0	13	18	16	16	17	15	12	8	7	5											
<b>Alls kvenna</b>	<b>253</b>	<b>233</b>	<b>294</b>	<b>298</b>	<b>297</b>	<b>293</b>	<b>303</b>	<b>307</b>	<b>322</b>	<b>303</b>	<b>288</b>	<b>298</b>	<b>268</b>	<b>247</b>	<b>239</b>	<b>252</b>	<b>259</b>	<b>214</b>	<b>177</b>	<b>171</b>	<b>177</b>	<b>155</b>	
<b>Alls þátttaka</b>	<b>769</b>	<b>725</b>	<b>861</b>	<b>907</b>	<b>935</b>	<b>899</b>	<b>923</b>	<b>965</b>	<b>996</b>	<b>901</b>	<b>916</b>	<b>912</b>	<b>833</b>	<b>795</b>	<b>767</b>	<b>797</b>	<b>810</b>	<b>773</b>	<b>704</b>	<b>686</b>	<b>685</b>	<b>592</b>	

Sigurvegarar í mótum utanhúss 2021			
Íslandsmót			
Pepsi-deild karla	Víkingur	Pepsi-deild kvenna	Valur
Lengjudeild karla	Fram	Lengjudeild kvenna	KR
2. deild karla	Þróttur V	2. deild kvenna	Fjarðarb./Höttur/Leiknir
3. deild karla	Höttur/Huginn		
4. deild karla	KH		
Eldri flokkur karla 40+	Stál Úlfur		
Eldri flokkur karla 50+	Keflavík/Víðir		
2. flokkur karla	Stjarnan/KFG/Álftanes	2. flokkur kvenna	Breiðablik/Augnablik
3. flokkur karla	Breiðablik	3. flokkur kvenna	Breiðablik/Augnablik
3. flokkur karla B-lið	Stjarnan	3. flokkur kvenna B-lið	Þór/KA/Hamrarnir
3. flokkur karla C-lið	ÍA/Skallagrímur		
4. flokkur karla	Víkingur	4. flokkur kvenna	Breiðablik
4. flokkur karla B-lið	KA	4. flokkur kvenna B-lið	Þór
4. flokkur karla C-lið	Þór		
4. flokkur karla 8 manna	Kormákur/Hvöt	4. flokkur kvenna 8 manna	Tindastóll
5. flokkur karla A-lið	Breiðablik	5. flokkur kvenna A-lið	KA
5. flokkur karla B-lið	Þór	5. flokkur kvenna B-lið	Breiðablik
5. flokkur karla C-lið	Fylkir	5. flokkur kvenna C-lið	RKV
5. flokkur karla D-lið	Stjarnan	5. flokkur kvenna D-lið	HK
Bikarkeppni			
Mjólkurbikar karla	Víkingur R.	Mjólkurbikar kvenna	Breiðablik
2. flokkur karla	FH/ÍH	2. flokkur kvenna	Breiðablik/Augnablik
3. flokkur karla	Selfoss/Hamar/Ægir	3. flokkur kvenna	Breiðablik/Augnablik
Deildarbikarkeppni KSÍ			
Lengjubikar karla - A deild	Keppni hætt	Lengjubikar kvenna - A deild	Keppni hætt
Lengjubikar karla - B deild	Keppni hætt	Lengjubikar kvenna - B deild	Keppni hætt
Lengjubikar karla - C deild	Keppni hætt	Lengjubikar kvenna - C deild	Keppni hætt
Meistarakeppni KSÍ			
Meistaraflokkur karla	Keppni hætt	Meistaraflokkur kvenna	Keppni hætt

Tölur yfir áhorfendur í Pepsi-deild karla 2021															
	Breiðablik	FH	Fylkir	HK	ÍA	KA	Keflavík	KR	Leiknir R	Stjarnan	Valur	Víkingur R.	Alls heima	Meðaltal	Röð
Breiðablik	1369	776	576	1388	597	696	450	200	440	450	1200	658	7.431	676	2
FH	829	200	414	325	430	369	317	474	399	359	200	352	5.008	455	8
Fylkir	656	400	200	780	858	723	443	281	548	637	190	561	6.050	550	4
HK	396	221	776	374	235	200	400	307	464	754	280	467	4.363	397	9
ÍA	398	714	352	985	418	277	439	377	283	311	311	200	3.965	360	10
KA	230	280	350	265	990	268	250	325	186	300	442	752	5.906	537	5
Keflavík	918	621	422	662	448	200	500	428	722	450	1202	657	6.573	598	3
KR	200	298	287	380	486	199	110	298	483	198	246	246	3.185	290	12
Leiknir R	539	425	594	587	437	420	427	339	200	623	430	430	5.021	456	7
Stjarnan	524	728	678	450	200	423	412	662	450	320	650	650	5.497	500	6
Valur	444	601	555	804	825	569	200	800	2023	404	754	754	7.979	725	1
Víkingur R.															
Alls úti	6.503	5.264	5.204	7.000	5.924	4.344	3.910	4.884	5.860	5.068	5.258	5.673	64.892	492	
Meðaltal	591	479	473	636	539	395	355	444	533	461	478	516			
Röð	2	6	8	1	3	11	12	10	4	9	7	5			



**Aðsókn fyrir hverja umferð í Pepsi Max-deild karla 2021**

	Fjöldi áhorfenda	Meðaltal
1 umferð	1200	200
2 umferð	1186	198
3 umferð	2341	390
4 umferð	2160	360
5 umferð	2489	415
6 umferð	2631	439
7 umferð	2914	486
8 umferð	2640	440
9 umferð	3059	510
10 umferð	4098	683
11 umferð	3110	518
12 umferð	4096	683
13 umferð	3581	597
14 umferð	1756	293
15 umferð	2841	474
16 umferð	2651	442
17 umferð	2718	453
18 umferð	3081	514
19 umferð	2747	458
20 umferð	3314	552
21 umferð	4634	772
22 umferð	5644	941
Samtals	64891	492

**Tölur yfir áhorfendur í Pepsi-deild kvenna 2021**

	Breiðablik	Fylkir	IBV	Keflavík	Selfoss	Stjarnan	Tindastóll	Valur	Pór/KA	Próttur R	Alls heima	Meðaltal	Röð
Breiðablik		200	208	210	110	398	263	616	207	208	2.420	269	1
Fylkir	384		213	137	179	183	161	79	211	198	1.745	194	2
IBV	138	205		143	187	119	187	80	142	169	1.370	152	6
Keflavík	130	110	78		128	103	100	110	135	55	949	105	10
Selfoss	178	269	175	174		131	117	148	107	163	1.462	162	4
Stjarnan	118	98	89	160	93		137	124	78	72	969	108	9
Tindastóll	195	197	0	158	103	150		298	160	140	1.401	156	5
Valur	269	124	126	100	432	166	163		102	200	1.682	187	3
Pór/KA	137	196	112	112	137	101	141	87		125	1.148	128	8
Próttur R	200	100	126	83	112	187	170	124	98		1.200	133	7
Alls úti	1.749	1.499	1.127	1.277	1.481	1.538	1.439	1.666	1.240	1.330	14.346	159	
Meðaltal	194	167	125	142	165	171	160	185	138	148			
Röð	1	4	10	8	5	3	6	2	9	7			

**Aðsókn fyrir hverja umferð í Pepsi Max-deild kvenna 2021**

	Fjöldi áhorfenda	Meðaltal
1 umferð	776	129
2 umferð	720	120
3 umferð	517	86
4 umferð	693	116
5 umferð	838	140
6 umferð	1003	167
7 umferð	569	95
8 umferð	966	161
9 umferð	833	139
10 umferð	964	161
11 umferð	815	136
12 umferð	672	112
13 umferð	579	97
14 umferð	672	112
15 umferð	1266	211
16 umferð	664	111
17 umferð	682	114
18 umferð	1117	186
Samtals	14346	159

Þátttaka í mótum innanhúss 2013 - 2021 - Fjöldi liða

	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013
<b>Meistaraflokkur karla</b>	<b>0</b>	<b>13</b>	<b>17</b>	<b>16</b>	<b>16</b>	<b>15</b>	<b>18</b>	<b>19</b>	<b>12</b>
2. flokkur karla								7	8
3. flokkur karla								10	14
4. flokkur karla								6	13
5. flokkur karla								12	15
<b>Alls karla</b>	<b>0</b>	<b>13</b>	<b>17</b>	<b>16</b>	<b>16</b>	<b>15</b>	<b>18</b>	<b>54</b>	<b>62</b>
<b>Meistaraflokkur kvenna</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>8</b>
2. flokkur kvenna								6	8
3. flokkur kvenna								14	10
4. flokkur kvenna								13	12
5. flokkur kvenna								4	12
<b>Alls kvenna</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>45</b>	<b>50</b>
<b>Alls þátttaka</b>	<b>0</b>	<b>17</b>	<b>20</b>	<b>22</b>	<b>22</b>	<b>18</b>	<b>26</b>	<b>99</b>	<b>112</b>

**Skýrsla dómara nefndar**

Sú breyting varð á skipan dómara nefndar 2021 að Viðar Helgason hætti í nefndinni og er honum þakkað fyrir sitt framlag í gegnum tíðina. Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum: Þóroddur Hjaltalín, formaður, Bragi V. Bergmann, Bryndís Sigurðardóttir, Halldór Breiðfjörð, Frosti Viðar Gunnarsson og Ingi Sigurðsson.

Magnús Jónsson, og Pjetur Sigurðsson önnuðust umsjón dómaramála KSÍ. Annað starfsfólk mótamála sinni einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

**Nýir og hættir landsdómarar**

Bergur Daði Ágústsson, Patrik Freyr Guðmundsson og Twana Kalid Ahmed komu inn sem nýir landsdómarar árið 2021. Elvar Smári Arnarsson og Sigurður Óli Þórleifsson komu aftur inn í landsdómara hópi eftir hlé. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum: Berglind Lilja Unudóttir, Steinar Berg Sævarsson og Þórður Már Gylfason. Þeim er þakkað fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina.

**Störf landsdómara**

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn dómara ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna þeirra. Ótaldir eru leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhússmót. Tafla fylgir einnig skýrslunni þar sem birt er yfirlit yfir alþjóðleg störf dómara.

Innland störf landsdómara	Dómari	Aðstoðardómari	Varadómari	Samtals
2021	913	874	171	1.958
2020	730	721	186	1.637
2019	912	969	221	2.102
2018	937	993	209	2.139
2017	945	887	204	2.036
2016	942	761	195	1.898
2015	912	825	64	1.801
2014	936	877	48	1.861
2013	985	874	52	1.911
2012	943	834	48	1.825
2011	1.065	706	40	1.811
2010	881	931	44	1.856
2009	906	898	51	1.855
2008	703	694	68	1.465
2007	676	527	39	1.252
2006	680	537	42	1.259
2005	687	606	36	1.329

**Aðrir KSÍ-dómarar**

Um 150 aðrir dómarar (D hópur) störfuðu einnig á leikjum þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 4. deild karla, Lengjudeild og 2. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Pepsi Max deild kvenna og í Lengjudeild og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

Innland störf KSÍ dómara	Störf sem dómari	Störf sem aðstoðardómari	Verkefni samtals
2021	836	2.062	2.898
2020	294	2.111	2.405
2019	766	1.783	2.549
2018	775	1.887	2.662
2017	614	1.933	2.609
2016	617	1.908	2.525
2015	663	1.895	2.558
2014	594	2.010	2.604
2013	773	1.747	2.520

2012	229	1.510	1.739
2011	324	1.279	1.603
2010	382	1.357	1.739
2009	248	1.199	1.447
2008	443	793	1.236
2007	321	887	1.208
2006	283	745	1.028
2005	270	742	1.012

#### Futsal

Innlend störf Futsal dómara	
2021	108
2020	0*
2019	129
2018	201
2017	140
2016	106
2015	174
2014	180
2013	176
2012	84
2011	84
2010	116
2009	50
2008	112

\*Móti aflýst 2020 vegna Covid-19.

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara.

Fjöldi dómarastarfa sem KSÍ raðar dómurum á	
2021	4.964
2020	4.042
2019	4.651
2018	4.592
2017	4.785
2016	4.423
2015	4.735
2014	4.465
2013	4.431
2012	3.830
2011	3.606
2010	3.595
2009	3.248
2006	2.259

#### Niðurröðun

2021 er metár þegar kemur að mönnun dómarastarfa á KSÍ leiki. Áskoranirnar voru margar og krefjandi og tókst að leysa úr þeim á farsælan hátt. Niðurröðunarnefnd vill nota tækifærið að þakka dómurinum fyrir þeirra framlag að láta dæmið ganga upp. Sem dæmi um leikjamagn þá mannaði skrifstofa KSÍ 187 störf frá fimmtudegi til sunnudags eina helgina í ágúst. Ofan á þetta bætist síðan gífurlega mikil mönnun á leikjum sem félögin bera ábyrgð á.

### Milliríkjadómarar og erlend verkefni

Vegna heimsfaraldursins voru erlend verkefni landsdómara mun færri en áður. Alls urðu leikirnir 18 talsins (sjá töflu um erlend verkefni). Engar breytingar voru gerðar á milliríkjadómarahópnum frá 2020. Hópurinn var skipaður eftirtöldum dómurum 2021.

FIFA-dómarar:	Bríet Bragadóttir Ívar Orri Kristjánsson Þorvaldur Árnason	Helgi Mikael Jónasson Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson
FIFA-aðstoðardómarar:	Andri Vigfússon Egill Guðvarður Guðlaugsson Jóhann Gunnar Guðmundsson Rúna Kristín Stefánsdóttir	Birkir Sigurðarson Gylfi Már Sigurðsson Oddur Helgi Guðmundsson Þórður Arnar Árnason

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara og eftirlitsmanna árið 2021 koma fram í sérstöku yfirliti.

### Erlend verkefni

Íslenskir dómarar störfuðu við leiki á erlendri grundu árið 2021. Síðustu tvö ár hefur verið mikil fækkun á erlendum verkefnum vegna heimsfaraldursins. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda leikja íslenskra dómara á erlendri grundu frá árinu 2003.

2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
18	8	53	43	37	41	44	51	51	38
2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	
30	35	29	27	31	29	26	33	15	

### Norræn dómarskipti

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Vegna heimsfaraldursins voru engin dómarskipti við hin Norðurlöndin árið 2021.

### Dómarskipti við England, Wales og Norður-Írland

Hér var það sama uppi á teningnum og í Norrænu dómarskiptunum. Vegna heimsfaraldursins voru engin dómarskipti við England, Wales og N-Írland.

### Þrekæfingar dómara

Fannar Karvel Steinþórsson, sem getið hefur sér gott orð sem þrekþjálfari hjá mörgum afrekshópum, sá um þrekþjálfun dómara eins og undanfarin ár. Honum til halds og trausts var Frosti Viðar Gunnarsson, dómara-nefndarmaður. Á undirbúningstímabilinu var brugðið á það ráð að búa til æfingahópa sem kepptu sín á milli um bestu ástundunina. Þetta fyrirkomulag gafst það vel að sennilega hefur landsdómarahópurinn aldrei æft betur á undirbúningstímabilinu. Allir landsdómarnir eru með púlsklukkur og ber þeim að skila niðurstöðum úr púlsklukku til þrekþjálfara á hálfsmánaðar fresti. Þetta fyrirkomulag auðveldar þjálfara að fylgjast með ástundun hvers og eins og einnig til að leiðbeina viðkomandi dómurum um hvort þeir séu að æfa rétt. Allir landsdómarnir eru með kort í líkamsræktarstöð. Í mars þurfti landsdómarahópurinn að standast staðlað þrekpróf frá FIFA til að geta starfað á þeim leikjum þar sem landsdómara er krafist. Í október tók FIFA hópurinn þrekpróf vegna erlendra verkefna. UEFA fer einnig fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr púlsklukkum og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum.

### Dómaranámskeið

Í meira en áratug hafa aðildarfélögin pantað dómaranámskeið sem haldin hafa verið hjá félögunum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og fjöldi nýrra dómara útskrifast sem unglingadómarar á ári hverju. Vegna Covid-19 urðu námskeiðin í ár mun færri en áður. Kennarar á námskeiðunum voru Helgi Mikael Jónasson, Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Á byrjendanámskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögunum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Mikilvægt er að þau félög sem panta til sín byrjendanámskeið leggi vinnu í það að fá inn fólk á námskeiðið sem nýtist þeim og styrki það starf sem fyrir er. Það að boða eingöngu 3. flokk félagsins og láta þar við sitja er ekki vænlegt til árangurs. Þeir sem hafa áhuga



á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan aðstoðardómaranámskeið, dómara námskeið og héraðsdómaranámskeið en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum.

Þróun í fjölda nýrra unglingadómara hin síðari ár hefur verið þessi:

#### Nýir unglingadómarar

2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013
175	198	226	203	228	473	513	462	449
2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	
288	452	511	443	352	268	227	169	

#### Héraðsdómaranámskeið

Egill Arnar Sigurþórsson og Þóroddur Hjaltalín voru kennarar á héraðsdómaranámskeiðunum.

#### Virkir dómarar

2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2006
707	925	1.032	937	1.016	1.103	1.664	1.159	1.661	1.415	1.341	1.013	954	774

#### Hæfileikamótun

Níu dómarar tóku þátt í hæfileikamótun í ár. Kerfið er þannig byggt upp að hver dómari fær læriföður (mentor) sem fylgist með honum í fimm leikjum yfir árið. Ungir og efnilegir dómarar utan landsdómarahóps sem og dómarar innan landsdómarahópsins tóku þátt í verkefninu.

#### Eftirlit með leikjum og störfum dómara

38 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A deild Lengjubikars karla, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2021. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara. Vinna við rafræna eftirlitsskýrslu er langt komin og er reiknað með að hún komist í gagnið árið 2022. Með rafrænni eftirlitsskýrslu er hægt að vinna fjölda gagna um dómara og þá sérstaklega hvar styrkleikar þeirra og veikleikar liggja.

#### Norræna dómara nefndarráðstefnan

Norræna dómara nefndarráðstefnan var haldin í Osló í byrjun nóvember. Á ráðstefnunni koma saman dómara stjórnar Norðurlandanna ásamt þremur til fjórum dómara nefndarmönnum frá hverju landi og bera saman bækur sínar. Fulltrúar Íslands á ráðstefnunni voru Frosti Viðar Gunnarsson, Gylfi Þór Orrason, Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Næsta ráðstefna verður í Finnlandi 2022.

#### Dómarasáttmálinn

Ísland hefur verið aðili að dómarasáttmála UEFA frá árinu 2009. Auk fjárhagslegs styrks er hér einnig um að ræða viðurkenningu á því að KSÍ sé að uppfylla þá gæðastaðla sem krafist er af UEFA þegar kemur að dómaramálum.

#### Knattspyrnulögin

Eins og undanfarin ár bar Gylfi Þór Orrason hitann og þungan af útgáfu knattspyrnulaganna. Metnaðurinn og vinnusemin sem Gylfi hefur lagt í málaflokkinn undanfarin ár er ómetanlegur fyrir íslenska knattspyrnu.

#### Lokaorð

Dómara nefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélagum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf á árinu 2021.

*Þóroddur Hjaltalín, formaður*



### Ársskýrslur nefnda KSÍ 2021

Aðrir landsdómarmar	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD					
Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson	0	0	13	0	2	0	5	0	3	0	8	0	3	0	3	0	37	0	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	42	0	14
Arnar Ingi Ingvásson	0	0	11	0	5	0	2	0	0	0	2	0	3	0	4	0	27	0	3	0	0	0	0	0	0	0	1	0	4	0	31	0	13
Arnar Þór Stefánsson	1	0	8	0	3	0	2	0	2	0	1	0	3	0	3	0	23	0	4	0	0	0	0	0	0	0	1	0	5	0	28	0	8
Atli Haukur Arnarsson	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	2	0	0	0	4	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	2	0	6	0	0	
Ásmundur Þór Sveinsson	0	0	0	0	8	0	4	0	2	0	1	0	3	0	2	0	20	0	9	0	0	0	0	1	1	0	2	0	12	1	32	1	1
Bergur Daði Ágústsson	0	0	0	15	0	7	0	2	0	3	2	0	0	3	0	3	2	33	0	4	1	0	0	0	0	2	0	0	1	6	3	39	0
Birgir Þór Þrastarson	0	0	0	0	5	1	4	0	1	0	3	0	2	0	1	1	16	2	4	0	0	0	1	0	0	0	0	5	0	21	2	1	
Breki Sigurðsson	0	0	0	17	0	4	1	0	3	1	0	0	0	3	0	5	4	30	0	2	0	0	0	0	0	1	1	0	1	3	5	33	4
Eiður Ottó Bjarnason	0	0	0	0	4	0	2	1	2	0	0	0	1	0	2	0	11	1	3	0	0	0	0	0	0	0	1	0	4	0	15	1	1
Elvar Smári Arnarsson	0	0	0	12	0	1	0	1	0	0	0	4	0	1	0	2	0	21	0	5	0	1	0	0	0	1	0	1	0	8	0	29	2
Eydís Ragna Einarasdóttir	0	0	0	0	0	0	0	5	0	5	0	0	0	0	0	0	10	0	11	0	8	0	0	0	0	2	0	3	0	24	0	34	0
Guðgeir Einarsson	0	0	8	0	4	0	1	0	0	0	1	0	1	0	3	0	18	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1	0	19	0	2
Guðmundur Páll Friðbertsson	0	0	1	0	8	0	5	0	4	0	2	1	1	0	2	0	23	1	8	0	0	0	0	0	0	0	1	0	9	0	32	1	3
Guðmundur Valgeirsson	0	0	0	10	0	1	0	1	2	0	0	1	0	3	0	4	2	20	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	3	2	23	1	1
Gunnar Freyr Flóbertsson	0	0	3	0	5	0	2	0	1	0	1	0	3	0	2	0	17	0	5	0	0	0	0	0	0	0	1	0	6	0	23	0	7
Gunnar Oddur Hafliðason	0	0	11	0	10	0	4	0	1	0	6	0	3	0	5	0	40	0	5	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	45	0	13	
Gunnþór Steinar Jónsson	0	0	2	0	5	0	1	0	2	0	2	0	2	0	4	0	18	0	1	0	0	0	0	0	1	0	3	0	21	0	3	0	0
Helgi Ólafsson	0	0	0	0	9	0	7	0	2	0	3	0	1	0	1	0	23	0	5	0	0	0	0	0	0	2	0	7	0	30	0	0	
Jóhann Atli Hafliðason	0	0	0	0	6	0	2	0	2	0	1	0	2	0	4	0	17	0	4	0	0	0	0	0	0	0	1	0	5	0	22	0	0
Krisinn Friðrik Hrafnsson	0	0	3	0	3	0	1	0	1	0	0	0	1	0	3	0	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	13	0	2
Patrik Freyr Guðmundsson	0	0	0	5	0	8	1	4	0	2	1	0	3	2	1	5	24	0	3	0	0	1	0	0	0	1	1	2	4	7	28	1	1
Sigurður Óli Þorleifsson	0	0	3	0	7	0	2	0	0	0	3	0	2	0	4	0	21	0	4	0	1	0	0	0	1	0	1	0	7	0	28	0	5
Steinar Berg Sævarsson	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	0	2	0	5	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	0	7	0	1	0
Steinar Gauti Þórainsson	0	0	0	12	0	2	3	0	1	1	0	0	0	1	3	0	7	16	1	3	0	0	0	0	0	0	1	0	2	3	9	19	0
Sveinn Arnarsson	0	0	3	0	10	0	5	0	0	0	3	1	1	0	2	0	24	1	4	0	0	0	0	0	1	0	1	0	6	0	30	1	4
Twana Khalid Ahmed	0	0	0	0	2	0	5	0	16	0	11	0	1	0	4	0	39	0	0	0	4	0	0	0	1	0	1	0	6	0	45	0	0
Valdimar Pálsson	0	0	1	0	6	0	6	0	2	0	0	0	2	1	1	0	18	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	20	1	5	
Þórunn Már Gylfason	0	0	0	0	3	0	0	0	3	0	2	0	3	0	3	0	14	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	2	0	16	0	0
<b>Verkefni alls:</b>	<b>132</b>	<b>264</b>	<b>132</b>	<b>212</b>	<b>132</b>	<b>76</b>	<b>91</b>	<b>25</b>	<b>76</b>	<b>16</b>	<b>85</b>	<b>15</b>	<b>77</b>	<b>80</b>	<b>116</b>	<b>105</b>	<b>841</b>	<b>793</b>	<b>90</b>	<b>45</b>	<b>14</b>	<b>9</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>11</b>	<b>13</b>	<b>23</b>	<b>11</b>	<b>143</b>	<b>81</b>	<b>984</b>	<b>874</b>	<b>171</b>

#### Alþjóðleg verkefni dómara á erlendri grundu

Nr.	Dags.	Land	Leikstaður	Mót og lið	Leikur	Dómari	Aðstoðardómari 1	Aðstoðardómari 2	Fjórði dómari
1	7.06.2021	Færeyjar	Þórshöfn	Vinátullandsleikur	Færeyjar-Liechtenstein	Ívar Orri Kristjánsson	Gylfi Már Sigurðsson	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Alex Troleis
2	15.07.2021	Wales	Oswestry	Evrópudeildin	The New Saints-Glentoran FC	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Egill Guðlaugsson	Þorvaldur Árnason
3	22.07.2021	Skotland	Edenborg	Evrópudeildin	Hibernian FC-FC Santa Coloma	Vilhjálmur Alvar Þórainsson	Gylfi Már Sigurðsson	Oddur Helgi Guðmundsson	Ívar Orri Kristjánsson
4	29.07.2021	Eistland	Tallinn	Evrópudeildin	FC Levadia-Dundalk FC	Þorvaldur Árnason	Birkir Sigurðarson	Andri Vigfússon	Vilhjálmur Alvar Þórainsson
5	02.09.2021	San Marino	Serravalle	U-21	San Marino-Þýskaland	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Þorvaldur Árnason
6	07.09.2021	N-Írland	Lurgan	U-21	N-Írland-Slovakía	Vilhjálmur Alvar Þórainsson	Gylfi Már Sigurðsson	Þórður Arnar Árnason	Helgi Mikael Jónasson
7	29.09.2021	Írland	Dublin	UEFA Youth League	St Patrick's-Crvena Zvezda	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Oddur Helgi Guðmundsson	
8	29.09.2021	England	Manchester	UEFA Youth League	Manchester United-Villareal	Þorvaldur Árnason	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Andri Vigfússon	
9	06.10.2021	Ungverjaland	Gyor	U-19 undankeppni	Austurríki-Eistland	Helgi Mikael Jónasson	Þórður Arnar Árnason		
10	07.10.2021	Armenía	Yerevan	U-21	Armenía-Serbia	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Oddur Helgi Guðmundsson	Vilhjálmur Alvar Þórainsson
11	08.10.2021	Svíþjóð	Helsingborg	U-21	Svíþjóð-Svartfjallaland	Þorvaldur Árnason	Jóhann Gunnar Guðmundsson	Gylfi Már Sigurðsson	Jóhann Ingi Jónsson
12	09.10.2021	Ungverjaland	Gyor	U-19 undankeppni	Ungverjaland-Eistland	Helgi Mikael Jónasson	Þórður Arnar Árnason		
13	12.10.2021	Ungverjaland	Gyor	U-19 undankeppni	Ungverjaland-Austurríki			Þórður Arnar Árnason	Helgi Mikael Jónasson
14	21.10.2021	Slóvakía	Bratislava	Evrópudeildin	Slovan Bratislava-Lincoln Reds Imps	Vilhjálmur Alvar Þórainsson	Gylfi Már Sigurðsson	Birkir Sigurðarson	Helgi Mikael Jónasson
15	03.11.2021	Spánn	La Coruna	UEFA Youth League	Deportivo La Coruna-Maccabi Haifa FC	Helgi Mikael Jónasson	Þórður Arnar Árnason	Egill Guðlaugsson	
16	15.11.2021	Gíbraltar	Gíbraltar	U-21	Gíbraltar-Holland	Helgi Mikael Jónasson	Gylfi Már Sigurðsson	Þórður Arnar Árnason	Vilhjálmur Alvar Þórainsson
17	25.11.2021	Gíbraltar	Gíbraltar	Evrópudeildin	Lincoln Imps FC-FC Copenhagen	Helgi Mikael Jónasson	Gylfi Már Sigurðsson	Þórður Arnar Árnason	Vilhjálmur Alvar Þórainsson
18	08.12.2021	Austurríki	Salsborg	UEFA Youth League	Salzburg-Sevilla	Vilhjálmur Alvar Þórainsson	Gylfi Már Sigurðsson	Egill Guðlaugsson	

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2021

Alþjóðleg verkefni eftirlitsmanna						
	Dags.	Land	Leikstaður	Mót og lið	Leikur	Eftirlitsdómari
1	22.07.2021	Belgía	Gent	Evrópudeildin	Gent-Valerenga	Kristinn Jakobsson
2	22.07.2021	Pólland	Szczecin	Evrópudeildin	Pogon-Osijek	Gylfi Þór Orrason
3	29.07.2021	Andorra	Santa Coloma	Evrópudeildin	Santa Coloma-Hibernian	Þóroddur Hjaltalín
4	03.04.2021	Króatía	Zagreb	Evrópudeildin	GNK Dinamo-Legia Warsjá	Gylfi Þór Orrason
5	05.08.2021	N-Írland	Belfast	Evrópudeildin	Linfield-CS Fola Esch	Þóroddur Hjaltalín
6	19.08.2021	N-Írland	Linfield	Evrópudeildin	Linfield FC-Alashkert FC	Þóroddur Hjaltalín
7	06.09.2021	Andorra	Andorra La Vella	U-21	Andorra-Slovenia	Eyjólfur Ólafsson
8	07.09.2021	Írland	Dublin	HM	Írland-Serbia	Gylfi Þór Orrason
9	07.09.2021	Luxemborg	Dudelange	U-21	Luxemborg-Írland	Kristinn Jakobsson
10	07.09.2021	Eistland	Parnu	U-21	Eistland-Noregur	Þóroddur Hjaltalín
11	16.09.2021	Danmörk	Kaupmannahöfn	Evrópudeildin	Brøndby-Sparta Prag	Þóroddur Hjaltalín
12	30.09.2021	Armenía	Yerevan	Evrópudeildin	Alashkert FC-HJK	Kristinn Jakobsson
13	09.10.2021	Færeyjar	Þórshöfn	HM	Færeyjar-Austurríki	Kristinn Jakobsson
14	12.10.2021	Litháen	Alytus	U-21	Litháen-Rússland	Eyjólfur Ólafsson
15	12.10.2021	San Marino	Serravalle	HM	San Marino-Andorra	Þóroddur Hjaltalín
16	21.10.2021	Danmörk	Viborg	HM KVK	Danmörk-Bosnía Hersegovína	Gunnar Jarl Jónsson
17	12.11.2021	Ungverjaland	Budapest	U-21	Ungverjaland-Litháen	Eyjólfur Ólafsson
18	16.11.2021	Wales	Cardiff	HM	Wales-Belgía	Gylfi Þór Orrason
19	26.11.2021	Malta	Ta'Qali	HM KVK	Malta-Svartfjallaland	Gunnar Jarl Jónsson
20	8.12.2021	Portugal	Lissabon	Meistaradeild UEFA	Benfica-Dynamo Kyiv	Gylfi Þór Orrason



Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar

Eftirtaldir voru kosnir í aga- og úrskurðarnefnd á ársþingi KSÍ árið 2021 til tveggja ára: Gunnar Guðmundsson, formaður, Björg Ásta Þórðardóttir, varaformaður, Helgi R. Magnússon, varaformaður, Ásta Björk Eiríksdóttir, Erna Birgisdóttir, Gunnar Sverrir Gunnarsson, Sigrún S. Óttarsdóttir, og Þróstur Ríkhartsson.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tvíþætt meginhlutverk, annars vegar úrskurðar nefndin í agamálum og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi í kærumálum. Nefndin starfar óháð KSÍ, en hefur sér til aðstoðar starfsmann á skrifstofu KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar vikulega á keppnistímabilinu og voru reglulegir þriðjudagsfundir nefndarinnar 31 í ár. Þar fyrir utan kemur nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál.

Fjöldi spjalda á undanförunum árum hefur verið svipaður á milli ára. Spilaðir leikir árið 2020 voru þó færri en árin á undan sem má rekja til þess að keppni var hætt áður en öllum mótum var fyllilega lokið. Fjöldi spilaðra leikja í Íslandsmótum meistaraflokks karla voru 789 (689 árið 2020). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks karla voru veitt 4,69 gul spjöld að meðaltali í leik (4,77 árið 2020), en 0,18 rauð í leik (0,36 árið 2021). Heildarfjöldi leikja í meistaraflokki kvenna voru 264 leikir. Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna voru veitt 2,22 gul spjöld að meðaltali í leik (2,34 árið 2020), en 0,11 rauð í leik (0,28 árið 2020). Þó er fjöldi spjalda misjafn á milli deilda. Sjá hér að neðan yfirlit til frekari fróðleiks:

Spjöld í deildum árið 2021

Meðaltal spjalda á leik

	Gul spjöld	Rauð spjöld	Leikjafjöldi	Gul spj.	Rauð spj.
Efsta deild karla	600	34	132	4,55	0,19
1. deild karla	649	41	132	4,92	0,16
2. deild karla	641	32	132	4,86	0,13
3. deild karla	659	43	132	4,99	0,17
4. deild karla	1079	61	261	4,13	0,23
<b>Samtals:</b>	<b>3.628</b>	<b>211</b>	<b>789</b>	<b>4,69</b>	<b>0,18</b>
Efsta deild kvenna	199	10	90	2,21	0,06
1. deild kvenna	188	13	90	2,09	0,09
2. deild kvenna	129	9	84	2,37	0,18
<b>Samtals:</b>	<b>516</b>	<b>32</b>	<b>264</b>	<b>2,22</b>	<b>0,11</b>

Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða námu kr. 1.042.500 keppnistímabilið 2021 sem er smávægileg hækkun frá árinu 2020 (kr. 1.011.250). Rétt er að taka fram að sektarákvæðum er m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og stuðningsmanna. Aðrar sektir sem aga- og úrskurðarnefnd beitti vegna kærumála og annarra mála námu kr. 775.000,- sem er hækkun frá árinu 2020 (kr. 660.000). Aga- og úrskurðarnefnd bærust 14 kærumál og kvað nefndin upp úrskurð í öllum þeirra. Fjórum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls KSÍ.

Drago-styttur eru veittar háttvísustu liðunum í tveimur efstu deildum karla. Breiðablik hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2021 í Pepsi Max deild karla og er þar stuðst við fjölda gulra og rauðra spjalda. Þróttur R. hlýtur styttna í Lengjudeild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda. Þróttur R. var þrúðasta liðið í Pepsi Max deild kvenna síðastliðið keppnistímabil. Augnablik var með þrúðasta liðið í Lengjudeild kvenna og KH í 2. deild kvenna. Í 2. deild karla var ÍR þrúðasta liðið, Höttur/Huginn og Sindri deila með sér heiðrinum í 3. deild karla og í 4. deild karla voru KFB þrúðastir.

Samstarfsfólki mínu í aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Gunnar Guðmundsson, formaður

**Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar**

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2021 skipuðu Ásgeir Ásgeirsson, formaður, Gísli Guðni Hall og Guðný Petrína Þórðardóttir. Ásgeir Ásgeirsson sagði sig úr stjórn KSÍ og samhliða frá öllum störfum á vegum KSÍ í lok ágúst 2021. Tók þá Guðjón Bjarni Hálfánarson við sem formaður nefndarinnar tímabundið. Eftir að ný stjórn var kosin til bráðabirgða á aukabingi KSÍ í október 2021 tók Kolbeinn Kristinsson við sem formaður nefndarinnar. Varamenn voru Ragnar Baldursson, Tanja Tómasdóttir og Unnar Steinn Bjarndal. Starfsmenn nefndarinnar voru Haukur Hinriksson og Kolbrún Arnardóttir.

**Leikmannasamningar**

Yfirlit yfir skráða samninga þann 4. janúar 2022:

	Fjöldi samninga	Fjöldi félaga
Efsta deild karla	332	12
1. deild karla	211	11
2. deild karla	116	9
3. deild karla	12	2
4. deild karla	0	0
Efsta deild kvenna	157	12
1. deild kvenna	142	8
2. deild kvenna	43	5
Leikmannssamningar	857	
Sambandssamningar	156	
Alls:	1013	59

**Málum vísað til nefndarinnar**

Á þessu starfsári var átta málum vísað til nefndarinnar. Einnig, líkt og undanfarin ár, eru mörg ágreiningsefni, sem berast KSÍ, leyst af skrifstofu sambandsins og lýkur án formlegrar meðhöndlunar hjá nefndinni. Flest ágreiningsmál snúa að uppgjöri launa og leysist meirihluti þeirra mála í framhaldi af því að leikmenn senda greiðsluáskorun á félagið.

Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

**Mál 1 2021: Chante Sheresa Sandiford g. Haukum**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar erindi Chante Sheresa Sandiford (C) þar sem C gerði þá kröfu í A-lið kröfugerðar sinnar að SF staðfesti að sambandssamningur C og Hauka, dags. 9. janúar 2020, hafi ekki gert C samningsbundna Haukum, og Haukum væri því skylt að staðfesta félagaskipti C í hvert það félag sem hún kysi án endurgjalds. Gerði C jafnframt þá kröfu í B-lið kröfugerðar sinnar að Haukar yrðu beittir viðurlögum samkvæmt gr. 15.7 í reglugerð Knattspyrnusambands Íslands um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, en því aðeins að Haukar staðfesti ekki félagaskipti C í hvert það félag sem hún kys að fenginni staðfestingu SF á kröfu C samkvæmt A-lið kröfugerðar hennar, þ.e. því að C væri ekki samningsbundin Haukum. Haukar gerðu þá kröfu í málinu að öllum kröfum C væri hafnað og að C yrði sektuð vegna samningsbrots.

Við úrlausn málsins leit SF til ákvæða reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga ásamt því að horfa til ákvæða sambandssamnings aðila. Taldi nefndin ljóst að af samningi aðila mætti ráða að heildargreiðslur til leikmannsins næmu hærri upphæð en kr. 300.000,- á ári. Þá næði gildistími samningsins yfir lengri tíma en til tveggja keppnistímabila. Þannig væri farið gegn ákvæðum 4.3 og 14.4 í framangreindri reglugerð. Var það því mat nefndarinnar að sambandssamningur C og Hauka með gildistíma 09.01.2020 til 16.10.2022 hafi ekki verið gerður í samræmi við reglugerð KSÍ. Af þeirri ástæðu og með vísan til gr. 14.16. reglugerðarinnar teldist C því ekki samningsbundin Haukum frá upphafi gildistíma sambandssamnings aðila. Hvað varðar kröfu C um að

Haukar yrðu beittir viðurlögum samkvæmt gr. 15.7 í reglugerðinni leit nefndin svo á að ótækt væri að úrskurða um viðurlög þar sem á þeim tíma er úrskurðurinn var kveðinn upp lægi ekki fyrir hvort Haukar hafni því að staðfesta félagaskipti C að fenginni staðfestingu nefndarinnar skv. A-lið kröfugerðar C. Þá hafnaði nefndin kröfum Hauka að beita C viðurlögum enda hafi C verið ósamningsbundin frá upphafi gildistíma sambandssamningsins.

**Mál 2 2021: Selfoss g. ÍBV**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) barst erindi frá knattspyrnudeild Selfoss þar sem sett var fram sú krafa að ÍBV greiddi Selfoss kr. 200.000,- vegna samningsgerðar Clöru Sigurðardóttur við ÍBV í samræmi við reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Í málinu gerði ÍBV þá kröfu að kröfu Selfoss yrði hafnað. Máli sínu til stuðnings vísaði Selfoss til þess að félagið hafi boðið leikmanninum, sem var samningsbundinn Selfoss frá 1.12.2019-16.10.2020, áframhaldandi samning hjá félaginu en leikmaðurinn hafnað því tilboði og gerði í stað þess leikmannssamning við ÍBV. Taldi Selfoss sig eiga rétt til félagaskiptagjalds vegna félagaskipta og samningagerðar leikmannsins við ÍBV, með vísan til greina 18.2 og 18.3 (nú 23.2 og 23.3) í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Í máltilbúnaði sínum vísaði ÍBV til þess að af gögnum málsins mætti ráða að Selfoss hafi boðið leikmanninum áframhaldandi samning hjá félaginu 45 dögum eftir að samningur hennar við Selfoss rann út. Þar af leiðandi væri skilyrðum í grein 18.3 (nú 23.3) ekki fullnægt og Selfoss ætti ekki rétt til félagaskiptagjalds. Við úrlausn málsins leit SF til þess að framlögð gögn í málinu sýndu fram á að leikmanninum hafi fyrst með sannanlegum hætti verið boðinn nýr samningur af hálfu Selfoss rúmlega sex vikum eftir að síðasti samningur hennar við félagið rann út. Var það niðurstaða nefndarinnar að Selfoss hafi ekki með sannanlegum hætti boðið leikmanninum nýjan samning a.m.k. 30. dögum áður en samningur hennar við Selfoss rann út þann 16.10.2020 og því ætti félagið ekki rétt til greiðslu félagaskiptagjalds skv. gr. 18.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

**Mál 3 2021: Stjarnan v. undanþágu 10.3**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók um miðjan júní 2021 til umfjöllunar erindi frá knattspyrnudeild Stjórnunnar þar sem sett var fram beiðni um undanþágu vegna félagaskipta fyrir Casper Bisgaard Sloth frá FC Helsingör í Danmörku í Stjórnuna á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Af gögnum málsins lá fyrir að samningur leikmannsins við FC Helsingör rann út þann 31. desember 2020, eða rúmum fjórum mánuðum áður en félagaskiptatímabili lauk hér á landi þann 12. maí 2021. Uppfylt þ.a.l. beiðnin um undanþágu skilyrði greinar 10.3 um að leikmaður var orðinn samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag að mati nefndarinnar. Tók nefndin því til skoðunar hvort önnur skilyrði greinarinnar væru uppfyllt, en af greininni leiðir að við mat á því hvort heimila eigi félagaskipti utan félagaskiptatímabils á grundvelli greinarinnar skuli hafa í huga sanngirni og íþróttamennsku og meta hvort félagaskipti hafi neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaðurinn verður hlutgengur til þess að taka þátt í. Við úrlausn málsins leit nefndin m.a. til a) áhrifa félagaskipta leikmannsins í Stjórnuna utan félagaskiptatímabils á keppni í efstu deild karla og bikarkeppni KSÍ verði þau samþykkt, b) félagaskipti samningsleikmanna erlendis frá til íslenskra félaga, c) dagsetningu umsóknar um undanþágu og d) atvinnumöguleika leikmannsins. Þá kemur fram í úrskurði nefndarinnar að það sé mat nefndarinnar að heimild til félagaskipta samningslausra leikmanna utan félagaskiptatímabils til félaga hér á landi verði að lúta þröngum skilyrðum. Að öðrum kosti nái reglur um félagaskiptatímabil ekki markmiðum sínum. Brýnar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágubeiðni og fyrirséð að atvinnumöguleikar viðkomandi leikmanns yrðu skertir svo um muni ef beiðni yrði hafnað. Var það niðurstaða nefndarinnar, m.a. með vísan til framangreinds, þess mats nefndarinnar að lengdir félagaskiptatímabila hér á landi séu rúm og í háu hlutfalli miðað við lengd Íslandsmóts og bikarkeppni KSÍ og til þess að aðeins 15 dagar væru í að næsta félagaskiptatímabil hæfist, að ekki væru fyrir hendar þær brýnu ástæður sem þörf væru á til að heimila ætti félagaskipti á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Var beiðni Stjórnunnar því hafnað.

**Mál 4 2021: Njarðvík g. ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók fyrir erindi knattspyrnudeildar Njarðvíkur þar sem áfrýjað var þeirri ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ að hafna beiðni Njarðvíkur um undanþágu á félagaskiptum markvarðar í samræmi við ákvæði greinar 10.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Gerði Njarðvík þá kröfu að ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ yrði felld úr gildi og umbeðin undanþága fyrir félagaskipti Hrannars Hlíðdal Þorvaldssonar til baka úr láni frá KFG yrði veitt á grundvelli ákvæðis greinar 10.2. Beiðni Njarðvíkur mátti rekja til þess að aðalmarkvörður liðsins hafði greinst með Covid-19 veiruna og var þ.a.l. óleikfær um tiltekinn tíma. Með vísan til orðalags greinar 10.2 var það niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ að félög verði að gera ráð fyrir að markmaður hjá liði í 2. deild karla geti forfallast vegna meiðsla, veikinda eða af öðrum ástæðum og sé það á ábyrgð hvers félags að haga undirbúningi fyrir keppnistímabil í samræmi við það,

m.a. með því að hafa til taks varamarkvörð. Vísaði nefndin til þess að af leikskýrslum á keppnistímabilinu mætti ráða að félagið hefði annan markvörð í hlutverki varamarkmanns í 12 af 14 leikjum liðsins í 2. deild Íslandsmótsins. Þá hafi sá markvörður leikið einn þriggja leikja Njarðvíkur í Mjólkurbikarkeppni karla og sinnt hlutverki varamarkmanns í hinum tveimur. Vísaði nefndin til þess að umrætt undanþáguákvæði væri undantekning frá almennum reglum við félagaskipti sem verði ekki beitt nema við mjög sérstakar aðstæður. Var það álit nefndarinnar að tímabundin forföll annars tveggja markmanna hjá liði í 2. deild karla sé eitthvað sem reikna verði með að geti gerst og flokkast ekki sem rík ástæða í skilningi ákvæðisins. Var staðfest ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ um að hafna beiðni Njarðvíkur um undanþágu.

#### **Mál 5 2021: Leiknir R. v. undanþágu 10.3**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók í byrjun ágúst 2021 til umfjöllunar erindi frá knattspyrnudeild Leiknis R. þar sem sett var fram beiðni um undanþágu vegna félagaskipta fyrir Philip Hellqvist frá Kuopion Palloseura í Finnlandi í Leikni R. á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Af gögnum málsins lá fyrir að samningur leikmannsins við Kuopion Palloseura rann út þann 24. júní 2021 og var leikmaðurinn þ.a.l. orðinn samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag hér á landi eða fyrir lok síðasta félagaskiptatímabils þann 29. júlí 2021. Uppfyllti þ.a.l. beiðnin um undanþágu skilyrði greinar 10.3 um að leikmaður var orðinn samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag að mati nefndarinnar. Tók nefndin því til skoðunar hvort önnur skilyrði greinarinnar væru uppfyllt og leit þannig til sanngirnis-sjónarmiða, íþróttamennsku og fyrri mála sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar vegna greinar 10.3. Jafnframt aflaði nefndin upplýsinga um viðmið sem höfð eru til grundvallar afgreiðslu undanþágubeiðna af sama toga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að grein 10.3. sé fyrst og fremst ætlað að vernda réttindi og þarfir einstaklings til að viðhalda sínum atvinnuferli sem leikmaður. Í því tilliti megi m.a. taka mið af því hvort leikmaður hafi verið virkur í samningsumleitunum við önnur félög en án árangurs og hvort leikmaður hafi leitað nýrra atvinnumöguleika yfir langt skeið. Þá kemur jafnframt fram að undanþága í grein 10.3. sé ekki ætluð sem heimild fyrir félag sem hefur þörf á að bæta við sig leikmanni. Vísaði nefndin til þess að ekki lægi fyrir hvort leikmaðurinn hafi árangurslaust leitað sér að atvinnu á virkan hátt áður en undanþágubeiðni um félagaskipti hans var lögð fram. Þá er vísað til þess að í greinargerð knattspyrnudeildar Leiknis R. með beiðni sinni hafi m.a. verið byggt á því að leikmannahópur Leiknis R. hafi minnkað eftir brotthvarf tiltekins leikmanns til Danmerkur og vísað til þess að félagaskipti leikmannsins myndi aðeins leiða til þess að leikmannahópur félagsins veiktist minna en ella eftir brotthvarf áður nefnds leikmanns til Danmerkur. Taldi nefndin ljóst að af máltilbúnaði Leiknis R. mætti ráða að beiðnin væri sett fram vegna þarfa félagsins að bæta við sig leikmanni. Vísaði nefndin til þess að brýnar ástæður leikmanns, ekki félags, þurfi að liggja fyrir undanþágubeiðni og fyrirséð að atvinnumöguleikar viðkomandi leikmanns yrðu skertir svo um muni ef beiðni yrði hafnað. Var það mat nefndarinnar að ekki væru fyrir hendar þær brýnu ástæður sem þörf væru á til að heimila ætti félagaskipti á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Var beiðni Leiknis R. því hafnað.

#### **Mál 6 2021: Breiðablik v. undanþágu 10.3**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) barst eftir miðjan september 2021 erindi frá knattspyrnudeild Breiðabliks þar sem sett var fram beiðni um undanþágu vegna félagaskipta fyrir Alexandra Soree frá Bandaríkjunum í Breiðablik á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Af gögnum málsins lá fyrir að samningur leikmannsins við Houston Dash var rift þann 15. apríl 2021 og var leikmaðurinn þ.a.l. orðinn samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag hér á landi eða fyrir lok síðasta félagaskiptatímabils þann 29. júlí 2021. Þá lá fyrir að leikmaðurinn hafði staðfest vilja sinn að ganga til liðs við Breiðablik og lýsti því í erindi sem lá fyrir í málinu hvernig hún hefur verið í atvinnuleit í fjölda mánuða, en m.a. vegna heimsfaraldurs COVID-19 hafi henni ekki tekist að finna sér félag til að leika með. Taldi nefndin sannað að leikmaðurinn hafi verið virkur í samningsumleitunum við önnur félög en án árangurs. Þá leit nefndin til þess að Breiðablik hafði gert samning við leikmanninn út keppnistímabilið 2022 og að félagaskiptagluggar í Evrópu og víðar í heiminum, t.a.m. í Bandaríkjunum og Kanada, höfðu þegar lokað og opna ekki aftur fyrr en á nýju ári. Möguleikar leikmannsins til þess að geta stundað atvinnu sína væru því afar takmarkaðir, nema á grundvelli undanþáguheimildar líkt og þeirrar sem reyndi á í málinu. Var það mat nefndarinnar að beiðnin hafi þ.a.l. uppfyllt skilyrði greinar 10.3 um að leikmaður var orðinn samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag að mati nefndarinnar sem og þær kröfur sem greinin gerir til leikmannsins.

Tók nefndin því til skoðunar hvort önnur skilyrði greinarinnar væru uppfyllt og leit þannig til sanngirnis-sjónarmiða, íþróttamennsku og fyrri mála sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar vegna greinar 10.3. Einnig horfði nefndin til þess hvort félagaskiptin hefðu neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaðurinn yrði hlutgengur til



Þess að taka þátt í. Jafnframt aflaði nefndin upplýsinga um viðmið sem höfð eru til grundvallar afgreiðslu undanþágubeiðna af sama toga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Er erindið var til umfjöllunar hafði Breiðablik lokið leik í Íslandsmóti og átti aðeins eftir úrslitaleik í bikarkeppni KSÍ hér innanlands á keppnistímabilinu. Þess utan lá fyrir að Breiðablik biðu leikir í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í október, nóvember og desember 2021. Meðal annars með hliðsjón af því að í málinu lá frammi yfirlýsing andstæðinga Breiðabliks í úrslitaleik í bikarkeppni KSÍ um að félagið setti sig ekki upp á móti því að undanþágan yrði veitt og félagaskiptin samþykkt, og að félagaskiptagluggar í löndum þeirra félaga sem áttu þáttökurétt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu 2021 höfðu verið opnir mun lengra fram á haustið en hér á landi, var það mat nefndarinnar að félagaskiptin hefðu ekki neikvæð áhrif á þær keppnir sem leikmaðurinn yrði hlutgengur í. Var það niðurstaða nefndarinnar að fyrir hendi væru þau skilyrði svo heimila ætti félagaskipti á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Var beiðni Breiðabliks því samþykkt.

#### **Mál 7 2021: Breiðablik v. undanþágu FIFA 6.1**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) barst seinni hluta september 2021 erindi frá knattspyrnudeild Breiðabliks þar sem sett var fram sú ósk að nefndin samþykkti undanþágubeiðni um félagaskipti fyrir Karen Maríu Sigurgeirsdóttur til Breiðabliks frá Þór/KA í samræmi við a-lið 1. mgr. 6. greinar reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna (FIFA regulations on the status and transfer of players). Umrætt heimildarákvæði 6. greinar tók gildi þann 1. janúar 2021 og er ákvæðið bindandi fyrir aðildarsambönd FIFA, skv. 3. mgr. 1. gr. sömu reglugerðar. Var ákvæðið innleitt í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga í nóvember sl. og er nú að finna í grein 10.4. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að samþykkja félagaskipti kvenleikmanns utan félagaskiptatímabils þegar um er að ræða leikmann sem ætlað er að fylla skarð samningsbundins kvenleikmanns í fæðingarorlofi. Er það skilyrði að finna í ákvæðinu að samningstímabil nýs leikmanns, sem leysir af hólmi kvenkyns leikmann í fæðingarorlofi, skuli, nema öðruvísi sé samið á milli aðila, ná yfir það tímabil frá því félagaskipti eru skráð og fram að því félagaskiptatímabili sem hefst eftir að leikmaður sem leystur var af hólmi snýr til baka úr fæðingarorlofi.

Af gögnum málsins taldi nefndin liggja fyrir að samningsbundinn leikmaður Breiðabliks hafi tekið fæðingarorlof frá störfum sínum fyrir Breiðablik og að Breiðablik hafi gert samning við Karen Maríu Sigurgeirsdóttur til 25. desember 2021, til þess að leysa viðkomandi leikmann af hólmi, en samkvæmt gögnum málsins stóð til að viðkomandi leikmaður snéri aftur úr fæðingarorlofi þann 26. desember 2021. Var það mat nefndarinnar að beiðni knattspyrnudeildar Breiðabliks um félagaskipti Karenar Maríu uppfyllti þær kröfur og skilyrði sem ákvæði a-liðar 1. mgr. 6. gr. FIFA reglugerðar um stöðu og félagaskipti leikmanns gerir svo undanþága um félagaskipti á grundvelli ákvæðisins skuli samþykkt. Var beiðni Breiðabliks því samþykkt.

#### **Mál 8 2021: Valur v. undanþágu 10.3**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók um miðjan desember 2021 til umfjöllunar erindi frá knattspyrnudeild Vals þar sem sett var fram beiðni um undanþágu vegna félagaskipta fyrir Aron Jóhannsson frá Lech Poznan í Póllandi í Val á grundvelli greinar 10.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Af gögnum málsins lá fyrir að samningi leikmannsins við Lech Poznan var sagt upp, með samkomulagi beggja aðila, þann 31. ágúst 2021. Í ljósi þess að leikmaðurinn var ekki orðinn samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag hér á landi, fyrir lok síðasta félagaskiptatímabils þann 29. júlí 2021, leit nefndin svo á að skilyrði ákvæðis 10.3 um að leikmaðurinn hafi verið samningslaus áður en hann gat gengið til liðs við annað félag væri ekki uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu væri ekki unnt að veita þá undanþágu sem óskað er eftir á grundvelli ákvæðis 10.3. Var beiðni Vals því hafnað.

#### **Umboðsmenn í knattspyrnu**

Um áramót 2021/2022 voru ellefu skráðir umboðsmenn í knattspyrnu hjá KSÍ. Það er þeir: Alberto A. Larrea, Bjarki Gunnlaugsson, Elías Njarðarson, Guðlaugur Tómasson, Guðrún Bergsteinsdóttir, Guyon Philips, Kristinn Björgúlfsson, Magnús Karl Daníelsson, Ólafur Garðarsson, Saint Paul Edeh og Sigurður Freyr Sigurðsson.

#### **Félagaskipti**

Haukur Hinriksson, Hafsteinn Steinsson og Þorvaldur Ingimundarson höfðu að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2021 voru 2.803 félagaskipti afgreidd samanborið við 2.681 árið 2020 og 2.859 árið 2019. Að þessu sinni voru flest félagaskipti afgreidd í maí; 461, mars; 453, júlí; 421 og í febrúar; 419. Á árinu voru miklar breytingar gerðar á afgreiðslu félagaskipta og eru félagaskipti nú að öllu leyti afgreidd rafrænt.

Framkvæmdastjóra KSÍ bárust alls fimm óskir um undanþágur vegna félagaskipta markvarða utan félagaskipta-tímabils á árinu. Einni beiðni var hafnað og önnur var dregin til baka en samþykktar voru alls þrjár óskir um undanþágur, þ.e. beiðnir frá Grindavík, Völsungi og Ými.

Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
<b>Fjöldi félagaskipta</b>	2.803	2.681	2.859	2.471	2.558	2.739	2.353	2.221	2.404	2.230	2.206

	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des
<b>Fjöldi félagaskipta 2021 Flokkað eftir mánuðum</b>	169	419	453	310	461	108	421	49	69	239	54	51

#### Lokaorð

Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagaskiptanefndar kærlega fyrir þeirra frábæru störf á þessu ári. Þá færi ég þakkir til starfsmanna nefndarinnar Hauks Hinrikssonar og Kolbrúnar Arnardóttur. Starfsfólki skrifstofunnar er einnig þakkað fyrir sín góðu störf. Það er mikill akkur fyrir sambandið að hafa eins öflugan mannauð innan sinna vébanda og raun ber vitni, knattspyrnuhreyfingunni allri til heilla.

*Kolbeinn Kristinsson, formaður*

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2021-2022: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Guðni Kjartansson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Gunnar Már Guðmundsson, Helga Helgadóttir og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Í kjölfar þess að stjórn KSÍ sagði af sér í september 2021 þá hætti Ragnhildur í nefndinni og Helga tók við af henni sem formaður. Sigríður Baxter Þorláksdóttir bættist við í nefndina í október. Nefndin hélt 3 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

**Þjálfaramenntun**

KSÍ býður upp á sex þjálfaragráður - Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, Afreksþjálfun unglinga, KSÍ C, KSÍ B, KSÍ A og KSÍ Pro þjálfaragráður. Allar þessar þjálfaragráður, nema KSÍ Pro, hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum aðildarríkjum UEFA. Fyrsta KSÍ Pro námskeiðið hófst í febrúar 2020 og stefnt er að því að það fái gæðastimpil UEFA í apríl 2022. Fyrsta KSÍ C námskeiðið fór fram á Reyðarfirði í nóvember 2021.


616 þjálfarar eru með KSÍ B gráðuna (554 karlar og 62 konur) og 230 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar (212 karlar og 19 konur). 48 þjálfarar hafa lokið Afreksþjálfun Unglinga þjálfaragráðunni (41 karl og 7 konur). 22 þjálfarar hafa lokið UEFA A markmannsþjálfaragráðu. Auk þess hafa 27 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu, þarf af ein kona, Elísabet Gunnarsdóttir.

Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið. Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

**Námskeiðahald**

Fræðsludeild KSÍ innleiddi talsverðar breytingar á uppbyggingu þjálfaranámskeiða á árinu 2021. UEFA setti nýlega þá kröfu að öll aðildarsambönd eigi að bjóða upp á UEFA C þjálfaragráðu, eigi síðar en 2023. Í desember 2021 gaf UEFA þá vottun að KSÍ C þjálfaranámskeiðið uppfylli þær kröfur sem UEFA geri til slíks námskeiðs. Í janúar 2022 var í fyrsta skipti boðið upp á KSÍ C námskeið, eftir að UEFA veitti þessa vottun, en þar er áhersla lögð á þjálfun 4-12 ára barna. Þjálfarar sem klára C þjálfaragráðuna hafa réttindi til að vera aðstoðarþjálfarar hjá 5. flokki og yngri. Fyrirnefndar breytingar fela í sér að þau námskeið sem áður báru heitið KSÍ I og KSÍ II, verða framvegis KSÍ C 1 og KSÍ C 2. Saman mynda þessi námskeið KSÍ C þjálfaragráðuna. Bætt var við nýju námskeiði á KSÍ B þjálfaragráðunni sem nú samanstendur af fjórum námskeiðum.

Skýringamynd af uppbyggingu námskeiða má finna hér fyrir neðan.



KSÍ hélt 34 fræðsluviðburði á árinu fyrir 897 þátttakendur. Covid-19 veiran hafði mikil áhrif á námskeiðahald ársins og bæði þurfti að fresta og færa námskeið. Fræðsludeildin nýtti sér Canvas kennsluforritið til að senda þátttakendum upplæsna fyrirlestra og verkefni sem þeir áttu að horfa á og vinna áður en þeir mættu á námskeið. Þetta þýðir m.a. að flest helgarnámskeið eru nú einungis tveir dagar í stað þriggja. Þátttakendur hafa lýst yfir ánægju sinni með þetta nýja fyrirkomulag þar sem nú geta þeir horft á fyrirlestrana þegar þeim hentar og kennslan er mun meira í formi umræðna og hópavinnu í stað þess að sitja og hlusta á kennarana yfir lengri tíma. Kennarar og leiðbeinendur á þjálfaranámskeiðum KSÍ sátu námskeið í lok nóvember. Fyrirlesari var Dany Ryser, sem situr í Jira Panel UEFA, fræðslunefnd UEFA. UEFA gerir kröfu á að aðildasambönd bjóði reglulega upp á slík námskeið fyrir sína kennara. Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

### Erlend samskipti

Líkt og 2020 þá var lítið um námskeiðs viðburði erlendis vegna Covid-19. Þess í stað áttu flest samskipti sér stað í gegnum samskiptabúnað. Arnar Bill og Dagur sóttu fund fræðsludeilda Norðurlandanna í ágúst í Færeyjum. Hákon Sverrisson, Íris Eysteinsdóttir og Soffía Ámundadóttir sóttu UEFA Share námskeið í Luxemborg þar sem viðfangsefnið var þjálfun í grasrotarféttbolta.

### Þjálfaraskóli KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélagin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. KSÍ B þjálfaraskóli er nú hluti af svokölluðu KSÍ B 4 þjálfaranámskeiði. Það þýðir að allir þjálfarar sem klára KSÍ B þjálfaragráðuna, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ A 2 þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því hluti af þessum tveimur þjálfaragráðum, UEFA A og UEFA B. 79 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 32 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 111 þjálfarar þjálfaraskóla KSÍ árið 2021.


### Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2021

**Alls 34 fræðsluviðburðir og 897 þátttakendur**


Dags.	Viðburður	Þátttakendur
Janúar - Desember	KSÍ Pro þjálfaragráða	19
Janúar-maí	KSÍ B þjálfaraskóli	79
16.-17. janúar	KSÍ III þjálfaranámskeið	46
23.-24. janúar	KSÍ III þjálfaranámskeið	45
29.-31. janúar	KSÍ IV A þjálfaranámskeið	48
Febrúar-apríl	Fjármál í fótbolta	31
5.-7. febrúar	KSÍ IV A þjálfaranámskeið	37
5.-7. febrúar	KSÍ IV B þjálfaranámskeið	47
13. febrúar	KSÍ I þjálfaranámskeið – Bóklegt, Teams	25
19.21. febrúar	KSÍ IV B þjálfaranámskeið	28
7. mars	KSÍ II þjálfaranámskeið – Bóklegt, Teams	11
12.-14. mars	Grunnnámskeið í markmannsþjálfun	21
13.-14. mars	KSÍ I þjálfaranámskeið – Verklegt	34
20.-21. mars	KSÍ I þjálfaranámskeið – Verklegt	41
24.-25. apríl	KSÍ II þjálfaranámskeið – Verklegt	18
Maí-ágúst	KSÍ A þjálfaraskóli	32
8.-9. maí	KSÍ II þjálfaranámskeið – Verklegt	43
17. maí	Súpufundur – Chris Barnes	30
17.-18. maí	KSÍ I þjálfaranámskeið – Verklegt Akureyri	9

24. maí	KSÍ II þjálfaranámskeið – Verklegt Akureyri	11
September-október	KSÍ A 2 þjálfaranámskeið	18
18.-19. september	KSÍ A 1 þjálfaranámskeið	19
Október	KSÍ A 2 þjálfaranámskeið - Kaupmannahöfn	18
1. október	Bikarúrslitaráðstefna	43
2.-3. október	KSÍ B 1 þjálfaranámskeið	18
2.-3. október	KSÍ A 1 þjálfaranámskeið	22
2.-3. október	Grunnnámskeið í markmannspjálfun	17
23.-24. október	KSÍ B 2 þjálfaranámskeið	17
Nóvember-desember	KSÍ Afreksþjálfun Unglinga	16
6.-7. nóvember	KSÍ B 3 þjálfaranámskeið	14
13.-14. nóvember	KSÍ C 1 þjálfaranámskeið - Reyðarfirði	6
13.-14. nóvember	Endurmenntun Martinez og Hartmann	10
27.-28. nóvember	KSÍ B 4 þjálfaranámskeið	14
27.-28. nóvember	Coach Educator Course	10
	Samtals:	897

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2012-2021



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2012-2021



Skýrsla starfshóps um útbreiðslumál

Frá ársþingi KSÍ 2021 og fram að aukþingi sátu eftirfarandi aðilar í starfshópi KSÍ um útbreiðslumál: Þorsteinn Gunnarsson, formaður, Bjarni Ólafur Birkisson, Björn Friðþjófsson, Jakob Skúlason, Petra Lind Einarsdóttir, Sigríður Björk Þorlákadóttir Baxter og Tómas Þóroddsson. Starfsmaður nefndarinnar var Dagur Sveinn Dagbjartsson.

**Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna**

Unnið var samkvæmt áætlun KSÍ í útbreiðslumálum sem lögð var fyrir stjórn KSÍ 12. febrúar 2020.

**Markmið KSÍ**

*Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.*

*Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.*

*Að efla grasrótina í íslenskrni knattspyrnu þar sem iðkendur fái að vaxa og dafna í fótbolta á sínum eigin forsendum í heilbrigðu umhverfi, auka áhuga og fjölga þátttakendum og efla samskipti við aðildarfélög þar sem KSÍ styður við bakið á félögum með átaks- og grasrótarkerfum á einstökum landsvæðum.*

**Útbreiðsluverkefni árið 2021**

Stærsta útbreiðsluverkefni ársins 2021 var verkefni sem bar yfirskriftina *Komdu í fótbolta með Mola*. Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, var ráðinn til starfa. Verkefnið fól í sér heimsóknir til minni sveitarfélaga um land allt og hafði Moli umsjón með verkefninu. Þar setti hann upp æfingu/viðburð á hverjum stað, með það fyrir augum að efla áhuga iðkenda. Verkefnið stóð yfir frá apríl til október. Alls heimsótti Moli 61 stað og hitti rúmlega 1.200 börn og unglina, ásamt fjölmörgum þjálfurum og forráðamönnum á ferð sinni um landið. KSÍ kann þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola bestu þakkir. Þetta var þriðja árið í röð sem Moli fer um landið og heimsækir börn og unglina í minni sveitarfélögum. Verkefnið hefur vaxið með hverju árinu og var árið 2021 tvöfalt stærra í sniðum en árin 2019 og 2020.

Háttvísisviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst til að fá viðurkenningar til afhendingar, ásamt því sem háttvísis-veggspjöldum var dreift til allra félaga.

Markmannsskóli KSÍ var haldinn að nýju eftir þriggja ára hlé. Í október mættu 13 stúlkur í Markmannsskóla KSÍ sem haldinn var á Akranesi. Umsjónarmaður Markmannsskólans var Hjördís Brynjarsdóttir og æfingar voru í höndum Fjalars Þorgeirssonar, yfirmarkmannspjálfa yngri landsliða Íslands. Vel þótti takast til og vill KSÍ koma á framfæri bestu þökkum til Knattspyrnufélagsins ÍA fyrir samstarfið.

KSÍ bauð upp á fyrirlestraröð um fjármál í fótboltanum. Þórir Hákonarson, íþróttastjóri Þróttar og fyrrum framkvæmdastjóri KSÍ, hafði veg og vanda að fyrirlestrarröðinni. Þórir fékk til sín vel valda gesti en erindin voru fjögur talsins. Allir fyrirlestrarnir voru með tilvísun í knattspyrnu umhverfið á Íslandi og raunveruleg dæmi tekin. Efni fyrirlestranna:

- Laugardagur 27. mars - Alþjóðastofnanir, regluverk og mótahald FIFA og UEFA – Fjárhagslegt umhverfi félaganna, fjárhagsleg háttvísi (financial fair play), uppeldisbætur/samstöðubætur
- Sunnudagur 28. mars - Rekstrarmódel knattspyrnufélaga, kostun, eignarhald – Sjónvarps- og markaðs-réttindi, mismunandi útgáfur og nálgun deilda í Evrópu
- Laugardagur 10. apríl - Veðmálastarfsemi, umfang, veðmálasvindl, hagræðing úrslita – Velta og rekstur knattspyrnusambanda og félaga í Evrópu og Íslandi
- Sunnudagur 11. apríl - Samantek

KSÍ hélt áfram átaki sem hófst árið 2019, þar sem markmiðið var að vekja athygli á litblindu í knattspyrnu. Litblinda getur haft áhrif á alla sem tengjast knattspyrnu - áhorfendur, leikmenn, þjálfara, dómara og aðra starfsmenn í kringum leikinn. 1 af hverjum 12 körlum og 1 af hverjum 200 konum er litblind. Verkefninu verður fylgt eftir en áætlað er að því ljúki í nóvember 2022.

**Iðkendafjöldi**

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkanir hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar voru í árslok 2021 voru fyrir árið 2020. KSÍ er það sérsamband sem er með flestar iðkanir allra sérsambanda innan ÍSí. Í tölum sem birtar voru í nóvember 2021 segir að iðkanir í knattspyrnu hafi verið 29.262 talsins.

Kyn	Aldursbil	Iðkanir
Karlar	17 ára og yngri	13,269
Karlar	18 ára og eldri	6,442
Konur	17 ára og yngri	7,543
Konur	18 ára og eldri	2,008
<b>Samtals iðkanir</b>		<b>29,262</b>

Skilgreining á iðkun (iðkanir):

*Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum og jafnvel er hægt að telja sama einstaklinginn oft en einu sinni í hverri íþróttagrein, svo framarlega sem hann stundar greinina með fleiri en einu félagi.*

<https://www.isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2020/>

### Geðveikur fótbolti með FC Sækó

KSÍ hóf samstarf við knattspyrnufélagið FC Sækó á árinu. Um er að ræða vitundaráttak undir heitinu "Geðveikur fótbolti með FC Sækó" sem hófst síðasta sumar og mun standa til vors 2022.

Knattspyrnuverkefnið FC Sækó "Geðveikur fótbolti" byrjaði í nóvember 2011 sem samstarfsverkefni Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkur og geðsviðs Landspítalans. FC Sækó knattspyrnufélag var stofnað árið 2014 og er það skipað notendum geð- og velferðarkerfisins, starfsmönnum þess og öðrum sem hafa áhuga á að styðja við verkefnið.

Tilgangur FC Sækó er að efla og auka virkni notendahóps fólks með geðraskanir og gefa þeim tækifæri til að iðka knattspyrnu sem og að draga úr fordómum. Markmið FC Sækó er fyrst og fremst að efla andlega og líkamlega heilsu fólks, vera sýnileg og hafa gaman. Á æfingum eða í leikjum eru allir jafnir og þannig styðjum við hvort annað og drögum við úr fordómum. Það eru allir velkomnir að æfa og/eða spila með FC Sækó, konur og karlar, fólk sem tengist geð- eða velferðarsviði og/eða úrræðum því tengdu eða aðrir.

Hlutverk KSÍ í samstarfinu er að vekja athygli á og styðja við starfsemi FC Sækó með ýmsum hætti og að vekja athygli á því hvernig þátttaka í fótbolta (eða skipulögðum íþróttum almennt) getur haft jákvæð áhrif á líðan einstaklinga með geðraskanir.

### Erlend samskipti og þjálfaramenntun

Hákon Sverrisson, Íris Björk Eysteinsdóttir og Soffía Ámundadóttir fóru fyrir hönd KSÍ á UEFA ráðstefnu í Lúxemborg þar sem farið var í innleiðingu á UEFA C þjálfaragráðu hjá aðildarsamböndum UEFA. KSÍ fékk í desember samþykki til að hefja UEFA C þjálfaranám og mun fyrsta námskeiðið fara fram í janúar 2022.

Fyrirnefnd UEFA C þjálfaragráða mun hafa það að markmiði að skapa börnum og unglingum öruggara umhverfi til knattspyrnuíðkunar. Samhliða því að kenna grunn atriði í þjálfun barna, kennslufræði og skipulag æfinga, þá er þar fjallað um velferð barna á ýmsa vegu.



Úrtökumót KSÍ

**Sumarúrtak (Úrtökumót) 2021 – Drengir**

Sumarúrtak drengja (Úrtökumót) fór fram á Selfossi dagana 14. – 17. júní 2021 og tóku 32 leikmenn þátt að þessu sinni.

Ólafur Ingi Skúlason, þjálfari U15 kvenna, aðstoðaði undirritaðan í þessu verkefni auk þess sem Ingvi Sveinsson var í hlutverki liðsstjóra/þjálfara. Elías Örn Einarsson og Stefán Þór Ágústsson komu inn á æfingar sem markmannsþjálfarar auk þess voru Trausti Hrafnsson, Einar Már Óskarsson og Ragnheiður Lóa Stefánsdóttir sjúkraþjálfarar.

Hópurinn gisti á Hótel Selfoss og var virkilega vel hugsað um okkur. Við borðuðum allar máltíðir á hótelinu sjálfu nema hádegismatinn, hann borðuðum við á veitingastöðunum Vor eða Tryggvaskála.

**Dagskrá**

Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur	
11:30	Mæting á KSÍ	9:00	Morgunverður	8:30	Morgunverður	8:30	Morgunverður
12:00	Brottför frá KSÍ	10:30	Æfing	10:00	Æfing	9:00	Frágangur
13:00	Komið á Selfoss	12:30	Hádegisverður	12:00	Hádegisverður	10:30	Æfing
13:30	Hádegisverður	13:00	Markmiðasetning	14:00	Æfing	12:30	Check out
14:30	Mælingar	15:30	Æfing	16:00	Liðsheildarvinna	13:00	Pizzuveisla
15:30	Æfing	17:30	Miðdegishressing	17:00	Miðdegishressing	13:30	Brottför frá Selfossi
19:00	Kvöldverður	19:00	Kvöldverður	19:00	Kvöldverður	14:30	Áætluð koma á KSÍ
22:00	Kvöldhressing og ró	22:00	Kvöldhressing og Ró	22:00	Kvöldhressing og ró		

Þessa 4 daga tókum við æfingar og spiluðum 2 leiki, einn innbyrðis leik og einn leik við U16 karla. Þrátt fyrir stífa dagskrá pössuðum við vel upp á álagsstýringu með tilliti til verkefna þeirra leikmenna, bæði fyrir og eftir þessa æfingalotu. Að þessu sinni vorum við ekki með gestaþjálfara heldur stjórnðu undirritaður og áðurnefndur Ólafur Ingi öllum æfingum og leikjum.

Við buðum einnig upp á tvennskonafræðslu. Grímur Gunnarsson, sálfræðingur, var með fyrirlestur um sálfræði í knattspyrnu og markmiðasetningu. Hann lét leikmenn einnig svara spurningalistum sem snúa að sálfræðilegri færni í íþróttum. Þetta er verkefni sem við erum að þróa og munum vinna með áfram. Þá sá Magnús Sigurjón Guðmundsson, tólmstundafræðingur, um liðsheildarvinnu. Hvort tveggja gekk vel og voru leikmenn virkilega ánægðir.

Líkt og árið 2020 var ég mjög ánægður með allt sem sneri að dvölinni sem slíkri. Það var mikill munur að hafa allar æfingarnar á Selfossi en ekki í nærliggjandi sveitafélögum líkt og í fyrra og gerðu Selfyssingar vel í að koma því við.

*Lúðvík Gunnarsson*

### Hópurinn

1.	Nóel Atli Arnórsson	AAB
2.	Hrafn Guðmundsson	Afturelding
3.	Sindri Sigurjónsson	Afturelding
4.	Sturla Sagatun-Kristjánsson	Bodö/Glimt
5.	Ásgeir Galdur Guðmundsson	Breiðablik
6.	Eiríkur Örn Beck	Breiðablik
7.	Elmar Rútsson	FH
8.	Lárus Orri Ólafsson	FH
9.	William Cole Campbell	FH
10.	Breki Baldursson	Fram
11.	Þorri Stefán Þorbjörnsson	Fram
12.	Þorsteinn Örn Kjartansson	Fram
13.	Theodór Ingi Óskarsson	Fylkir
14.	Andri Steinn Ingvarsson	Haukar
15.	Þorsteinn Ómar Ágústsson	Haukar
16.	Birnir Breki Burknason	HK
17.	Magnús Arnar Pétursson	HK
18.	Dagbjartur Búi Davíðsson	KA
19.	Elvar Máni Guðmundsson	KA
20.	Ívar Arnbro Þórhallsson	KA
21.	Valdimar Logi Sævarsson	KA
22.	Gunnar Magnús Gunnarsson	KR
23.	Elvar Örn Guðmundsson	OB
24.	Daníel Tristan Guðjohnsen	Real Madrid
25.	Dagur Jósefsson	Selfoss
26.	Guðmundur Reynir Friðriksson	Sindri
27.	Allan Purisevic	Stjarnan
28.	Arnar Guðni Bernharðsson	Stjarnan
29.	Elmar Freyr Hauksson	Stjarnan
30.	Kristján Sindri Kristjánsson	Valur
31.	Stígur Diljan Þórðarson	Víkingur R.
32.	Nökkvi Hjörvarsson	Þór Ak.

*Lúðvík Gunnarsson  
Þjálfari U15 karla*

## Sumarúrtak (Úrtökumót) 2021 – Stúlkur

Úrtökumót stúlkna fór fram á Selfossi dagana 21. – 24. júní 2021 og tóku 32 leikmenn þátt þetta árið. Lúðvík Gunnarsson, þjálfari U15 karla, aðstoðaði undirritaðan í þessu verkefni auk þess sem Mist Rúnarsdóttir var í hlutverki liðsstjóra/þjálfara. Elías Örn Einarsson og Stefán Þór Ágústsson komu inn á æfingar sem markmannsþjálfarar. Auk þess voru Trausti Hrafnsson, Einar Már Óskarsson og Ragnheiður Lóa Stefánsdóttir sjúkraþjálfarar.

Hópurinn gisti á Hótel Selfoss og var virkilega vel hugsað um okkur. Við borðuðum allar máltíðir á hótelinu sjálfu nema hádegismatinn, hann borðuðum við á veitingastöðunum Vor eða Tryggvaskála.

### Dagskrá

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
11:30 Mæting á KSÍ	9:00 Morgunverður	8:30 Morgunverður	8:30 Morgunverður
12:00 Brottför frá KSÍ	10:30 Æfing	10:00 Æfing	9:00 Frágangur
13:00 Komið á Selfoss	12:30 Hádegisverður	12:00 Hádegisverður	10:30 Æfing
13:30 Hádegisverður	13:00 Markmiðasetning	14:00 Æfing	12:30 Check out
14:30 Mælingar	15:30 Æfing	16:00 Liðsheildarvinna	13:00 Pizzuveisla
15:30 Æfing	17:30 Miðdegishressing	17:00 Miðdegishressing	13:30 Brottför frá Selfossi
19:00 Kvöldverður	19:00 Kvöldverður	19:00 Kvöldverður	14:30 Áætluð koma á KSÍ
22:00 Kvöldhressing og ró	22:00 Kvöldhressing og Ró	22:00 Kvöldhressing og ró	

Þessa 4 daga tókum við æfingar og spiluðum 2 leiki, einn innbyrðis leik og einn leik við U16 kvenna. Þrátt fyrir stífa dagskrá þössuðum við vel uppá álagsstýringu með tilliti til verkefna þeirra leikmanna, bæði fyrir og eftir þessa æfingalotu. Að þessu sinni voru við ekki með gestaþjálfara heldur stjórnunni undirritaður og áðurnefndur Lúðvík Gunnarsson öllum æfingum og leikjum.

Við buðum einnig uppá tvennskonafræðslu. Grímur Gunnarsson, sálfræðingur, var með fyrirlestur um sálfræði í knattspyrnu og markmiðasetningu. Hann lét leikmenn einnig svara spurningalistum sem snúa að sálfræðilegri færni í íþróttum. Þetta er verkefni sem við erum að þróa og munum vinna með áfram. Þá sá Magnús Sigurjón Guðmundsson, tólmstundafræðingur, um liðsheildarvinnu. Hvort tveggja gekk vel og voru leikmenn virkilega ánægðir.

Ég var heilt yfir mjög ánægður með ferðina, aðstæður á Selfossi voru til fyrirmyndar og stúlkurnar nutu sín vel. Það er mín skoðun að það sé þörf á öðru verkefni fyrir stelpurnar í U15 eftir svona ferð. Þetta er í raun eina landsliðsverkefnið sem þær fá, það var mikill stígandi í vikunni og sá maður stúlkurnar koma úr skelinni og kynnast betur innbyrðis. Það væri frábært ef hægt væri að fylgja þessu verkefni eftir með öðru verkefni sem inniheldur leiki gegn annarri þjóð eða þjóðum. Strákarnir í U15 hafa fengið verkefni eftir samskonar sumarúrtak en ekki stelpurnar.

Ólafur Ingi Skúlason

### Hópurinn

1.	Steinunn Erla Gunnarsdóttir	Afturelding
2.	Díana Ásta Guðmundsdóttir	Breiðablik
3.	Emilía Lind Atladóttir	Breiðablik
4.	Hrafnhildur Ása Halldórsdóttir	Breiðablik
5.	Olga Ingibjörg Einarsdóttir	Breiðablik
6.	Emma Björt Arnarsdóttir	FH
7.	Ingunn Þóra Kristjánsdóttir Sigurz	Fjölur
8.	Hulda Sigrún Orradóttir	Fylkir
9.	Júlía Björk Jóhannsdóttir	Grindavík
10.	Anna Rut Ingadóttir	Haukar
11.	Guðrún Inga Gunnarsdóttir	Haukar
12.	Katrín Rósa Egilsdóttir	HK
13.	Kristjana Ása Þórðardóttir	HK
14.	Sóley María Davíðsdóttir	HK
15.	Björg Gunnlaugsdóttir	Höttur
16.	Salka Hrafn Elvarsdóttir	ÍA
17.	Íva Brá Guðmundsdóttir	ÍBV
18.	Helga Dís Hafsteinsdóttir	KA
19.	Krista Dís Kristinsdóttir	KA
20.	Amalía Árnadóttir	KA
21.	Elsa Katrín Stefánsdóttir	Selfoss
22.	Jóhanna Elín Halldórsdóttir	Selfoss
23.	Ingibjörg Erla Sigurðardóttir	Stjarnan
24.	Júlía Margrét Ingadóttir	Stjarnan
25.	Lovísa Rós Lárusdóttir	Stjarnan
26.	Kolbrá Una Kristinsdóttir	Valur
27.	Glódís María Gunnarsdóttir	Valur
28.	Bergdís Sveinsdóttir	Víkingur
29.	Sigdís Eva Bárðardóttir	Víkingur
30.	Sigurborg Katla Sveinsdóttir	Víkingur
31.	Angela Mary Helgadóttir	Þór Ak.
32.	Sonja Björg Sigurðardóttir	Þór Ak.

*Ólafur Ingi Skúlason  
Þjálfari U15 kvenna*

Skýrsla hæfileikamótunar

**Hæfileikamótun N1 og KSÍ 2020-2021**

Á þessu tímabili var Hæfileikamótun N1 og KSÍ fyrir leikmenn fædda 2007 og 2008, bæði drengi og stúlkur, þótt mesta áherslan hafi verið á 2007 árgangana.

Þetta tímabil var óvenjulegt að því leyttinu til að engar landshlutaæfingar fóru fram sökum takmarkana vegna Covid-19. Framan af vetri þótti ekki skynsamlegt að blanda saman leikmönnum úr mismunandi félögum með það fyrir augum að minnka möguleika á smitum í samfélaginu. Í staðinn fyrir hefðbundnar landshlutaæfingar ákvað ég að fara í eins margar heimsóknir til félaga og kostur gaf og fylgdist þar með æfingum hjá 4. flokki karla og kvenna. Í heildina heimsótti ég 27 af 31 félagi sem tók þátt í Íslandsmóti 4. flokks karla og 21 af 23 félögum sem tóku þátt í Íslandsmóti 4. flokks kvenna. Þau félög sem ég náði ekki að heimsækja náði ég að sjá í leikjum á Rey Cup eða á Íslandsmóti.

Líkt og undanfarin ár notaði ég sumarið til að sjá eins marga leiki og mögulegt er.

Erfitt er að segja til um nákvæman fjölda leikmanna sem ég sá á ferð minni um landið þar sem ég er ekki með nákvæman fjölda á hverri æfingu fyrir sig. Hins vegar er um að ræða talsvert fleiri leikmenn en skoðaðir hafa verið undanfarin ár, bæði drengi og stúlkur.

Hæfileikamótið fór að þessu sinni fram í október, strákar 20. – 22. og stelpur 27. – 29. Þá voru valdir 68 leikmenn af hvoru kyni, skipt í fjögur lið sem spiluðu svo innbyrðis. Það er betra að hafa Hæfileikamótin í september, strax að loknu Íslandsmóti en það var því miður ekki hægt vegna verkefna hjá U19 karla.

Annað árið í röð voru drengirnir þokkalega sterkir og nokkrir leikmenn sem stóðu skör framar en aðrir. Breiddin ætti einnig að vera góð því fyrir utan þessa sterkustu eru margir frambærilegir leikmenn. Hjá stelpunum var árið keimlíkt síðustu árum að því leyttinu til að það er mikill getumunur á deildum, liðum og innan liða. Bestu stelpurnar eru töluvert betri en þær sem koma næstar. Að mínu mati er þessi árgangur í heild ekki eins sterkur og undanfarin þrjú ár þó vissulega séu þær allra sterkustu alveg á pari við þær sterkustu undanfarin ár.

Eins og áður var samvinnan við félög, þjálfara og yfirþjálfara mjög góð. Allt skipulag í kringum heimsóknirnar gekk vel og það var vel tekið á móti mér þegar ég mætti á svæðið. Þá voru þjálfarar duglegir að hafa samband við mig varðandi leikmenn og fleira auk þess sem ég var duglegur að slá á þráðinn til þeirra ef það var eitthvað sem þurfti að ræða.

Eftir þessi þrjú ár sem ég hef verið í Hæfileikamótun finnst mér mikilvægt að það komi fram að verkefnið er mjög umfangsmikið og stórt. Að því sögðu finnst mér vera kominn tími til að fá annan starfsmann inn í starfið samhliða mér. Tíminn sem fer í önnur verkefni er mikill og hætta á að það komi niður á starfinu í Hæfileikamótun og það er eitthvað sem við viljum alls ekki.

*Lúðvík Gunnarsson  
Yfirmaður í Hæfileikamótun N1 og KSÍ*

Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2021: Bjarni Þór Hannesson, Inga Rut Hjaltadóttir, Ingi Sigurðsson formaður, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Margrét Leifsdóttir, Viggó Magnússon og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar er Birkir Sveinsson sviðsstjóri innanlandssviðs og mótastjóri sambandsins.

Verkefni mannvirkjanefndar eru í föstum skorðum, þar sem nefndin er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum. Fylgst er með þróun mannvirkja innanlands sem og á alþjóðavettvangi og reglna sem gilda þar um.

Á árinu 2021 hélt mannvirkjanefnd sex fundi, fjóra hefðbundna fundi og tvo fundi á rafrænu formi. Hér í framhaldinu verður fjallað um helstu þætti sem komu til umfjöllunar hjá nefndinni.

Nefndin fjallaði á árinu 2021 um hefðbundin verkefni sem eru áskilin skv. starfsreglum nefndarinnar t.a.m. varðandi flokkun knattspyrnuvalla og útgáfu vallarleyfa því tengdu.

Á árinu 2021 voru gefin út 18 vallarleyfi til viðbótar við þau vallarleyfi sem voru þegar í gildi út árið 2021. Tímabundin leyfi eru í gildi fyrir Akureyrarvöll og Leiknisvöll.

Nefndin ítrekaði til þeirra félaga sem eru með gervigrasvelli að skila þyrfti inn frá viðurkenndum aðila gildri prófun á gervigrasvöllum. Hins vegar var það samþykkt í ljósi aðstæðna í kjölfar Covid-19 að krefjast ekki skila á umræddum prófunum á keppnistímabilinu 2021 sem og árinu á undan. Hins vegar þurfa umræddar prófanir að liggja fyrir tímanlega áður en kemur að útgáfu vallarleyfa fyrir keppnistímabilið 2022.

Í október stofnaði nefndin vinnuhóp til að yfirfara ákvæði í núverandi reglugerð um knattspyrnuleikvanga og hvort tilefni sé til breytinga á reglugerðinni og hvort tilefni er til að endurmeta ákvæðna þætti sem snúa að útgáfu vallarleyfa. Vonast er til að niðurstaða þeirrar yfirferðar liggja fyrir í febrúar 2022.

Nefndin hafði einnig hefðbundið verkefni er lýtur að yfirferð umsókna í Mannvirkjasjóð KSÍ og tillögu til stjórnar KSÍ út frá gildandi reglugerð og skorkorti.

Eins og undanfarin ár lagði mannvirkjanefnd góða vinnu í þá yfirferð ásamt framkvæmdastjóra sambandsins. Eins og á fyrri árum er til staðar mikill hugur aðildarfélaga og sveitarfélaga á uppbyggingu knattspyrnumann-virkja og er það vel. Sem og áður eru mörg verkefni í undirbúningi og önnur verkefni eru komin á framkvæmdarstig. Mannvirkjanefnd vinnur eftir gildandi reglugerð sem hefur farið í mikla endurskoðun, fyrst árið 2018 sem leiddi af sér nýja og endurbætta reglugerð er tók gildi 20. febrúar 2019, og aftur árið 2020 sem skilaði sér í nýrri og endurbættri reglugerð fyrir árin 2020-2023. Við fyrri yfirferðina var tekið upp skorkort sem haft er til mats á innsendum umsóknum.

Á árinu fékk nefndin til umfjöllunar 42 innsendar umsóknir skv. endurskoðaðri reglugerð fyrir mannvirkjasjóð. Úthlutunin dróst að þessu sinni þar sem KSÍ framlengdi umsóknarfrest aðildarfélaga til 20. apríl, en endanleg úthlutun var staðfest af stjórn KSÍ 29. júní 2021. Stjórn KSÍ samþykkti úthlutun til sextán verkefna sem eru listuð upp á heimasíðu KSÍ [30 milljónum úthlutað úr mannvirkjasjóði KSÍ - Knattspyrnusamband Íslands \(ksi.is\)](https://www.ksi.is)

Frá því um mitt ár 2019 hefur nefndin fengið til sín erindi vegna bréfs ECHA á því ári um mögulegt bann við notkun gúmmíkurlis í gervigrasvöllum. Það mál er enn í gangi og gættir UEFA hagsmuna sinna aðildarsambanda í því máli en einnig hafa norrænu knattspyrnusamböndin brugðist sameiginlega við með bréfi til ECHA. Á árinu 2021 komu engar frekari upplýsingar til KSÍ um stöðu málsins hvorki frá UEFA né frá stjórnvöldum hérlendis. Málið er enn í gangi hjá ECHA og beðið er frekari upplýsinga um stöðu málsins, en von eru á frekari niðurstöðum á árinu 2022. Mannvirkjanefnd KSÍ vill hins vegar minna á upplýsingar sem nefndin sendi út til aðildarfélaga sambandsins í febrúar 2020, og eru aðgengilegar á heimasíðu KSÍ á meðfylgjandi tengli [Upplýsingar varðandi notkun míkroplasts á knattspyrnuvöllum - Knattspyrnusamband Íslands \(ksi.is\)](https://www.ksi.is)

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að aðildarfélögin sem og sveitarfélögin séu meðvituð og vel upplýst um þá umræðu sem er í gangi hjá Evrópusambandinu varðandi þessi mál. Umræddar upplýsingar voru unnar í kjölfar upplýsinga sem komu frá UEFA sumarið 2019 í kjölfar tillögu efnastofnunarinnar Evrópu ECHA um mögulegt bann við viðbættum míkroplastögnum.

Mannvirkjanefnd er aðildarfélögum einnig til ráðgjafar og í því samhengi komu til formlegrar umfjöllunar hjá nefndinni m.a. framkvæmdir við nýja áhorfendastúku við gervigrasvöllinn á Sauðárkróki sem var tekin í gagnið 5. júní 2021. Einnig áttu fulltrúar nefndarinnar fund með forsvarsmönnum Hauka og Hafnarfjarðarbæjar vegna undirbúnings að byggingu nýs knatthúss að Ásvöllum.

Nokkur stór verkefni eru í ferli eða var lokið við á sl. ári og eru sem dæmi:

- Nýr gervigrasvöllur við Reykjaneshöllina í Reykjanesbæ var tekinn í notkun í lok september 2021.
- Bygging fjölnota íþróttahúss á Selfossi með knattspyrnuvöll í hálfri stærð var tekin í notkun á árinu 2021. Um er að ræða fyrri áfanga knatthúss í fullri stærð.
- Byggingu áhorfendastúku við gervigrasvöllinn á Sauðárkróki lauk á vordögum 2021.
- Bygging nýs aðalvallar á svæði Fram í Úlfarsárdal er á lokastigi og áætlað er að hann verði tekinn í notkun á vordögum 2022.
- Bygging fjölnota íþróttahúss í Garðabæ með knattspyrnuvöll í fullri stærð hófst 3. maí 2019 og var tekið í notkun í byrjun febrúar 2022.
- Bygging nýrra búningsklefa á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum er á lokastigi og verða teknir í notkun í byrjun febrúar 2022.
- Bygging nýs aðalvallar með áhorfendastúku á svæði KA er kominn á dagskrá skv. samningi félagsins og Akureyrarbæjar frá því í desember 2021. Skv. þeim samningi verður aðalvöllur félagsins tilbúinn fyrir keppnistímabilið 2023 og varanleg áhorfendastúka tilbúin á árinu 2024.
- Mikil uppbygging er framundan á KR-svæðinu m.a. með byggingu nýs aðalvallar og knatthúss á svæði KR og áætlað að framkvæmdir hefjist á árinu 2022.
- Bygging knattspyrnuhúss í fullri stærð á félagssvæði Hauka í Hafnarfirði er í undirbúningi og er miðað við að framkvæmdir hefjist á árinu 2022.
- Bygging knatthúss á Ísafirði er í undirbúningi og beðið frekari fregna með væntanlegar framkvæmdir.

Málefni nýs Laugardalsvallar eru enn í farvatninu og valkostagreining sem var unnin af Þjóðarleikvangi ehf. liggur fyrir, en KSÍ er aðili að því félagi ásamt Reykjavíkurborg og ríkisvaldinu. Nefndin skilaði inn minnisblaði á sínum tíma varðandi þau skýrsludrög en jafnframt hafa komið fram hugmyndir innan nefndarinnar að möguleikum sem vert er að skoða mun betur í tengslum við nýjan þjóðarleikvang. Í þeim tilgangi hefur þeim ábendingum og hugmyndum verið komið til Vöndu Sigurgeirsdóttur formanns KSÍ.

Nefndin vill ítreka mikilvægi þess að aðildarfélög leiti til nefndarinnar með ráðleggingar í undanfara verkefna hvort sem það snýr að nýframkvæmdum eða viðhaldi, til að tryggja að ákvæði viðeigandi reglugerða séu uppfyllt.

Mannvirkjanefnd þakkar aðildarfélögum gott samstarf á starfsárinu 2021 og óskar þeim velfarnaðar á komandi keppnistímabili.

*Ingi Sigurðsson, formaður.*